


ÁRSSKÝRSLA 2014



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Reykjavík Grapevine útnefndi safnið sem besta staðinn í Reykjavík til að lesa bók árið 2014. Blaðið er aðgengilegt á vefnum timarit.is frá upphafi.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2014.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot og frágangur: Erla Bjarnadóttir.

Forsíðumyndin er tekin við vígslu Þjóðarbókhöðunnar 1. desember 1994.

Myndir: Helgi Bragason, Ólafur J. Engilbertsson og Ingibjörg Bergmundsdóttir.



EFNISYFIRLIT

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI	4
Árangurssamningur	4
STJÓRNSÝSLA.....	6
Innra starf.....	7
Samskipti við Háskóla Íslands	11
Innlent samstarf	12
Erlent samstarf	15
Samningar	18
SKIPURIT.....	19
REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI	20
Fjármál – skrifstofhald	20
Hússtjórn	20
Starfsmannapjónusta	21
Tölvurekstur	22
Upplýsingatækni og vefstjórn	22
AÐFÖNG OG SKRÁNING	25
Skylduskil	25
Aðföng.....	26
Íslensk skráning og bókfræðistjórn	27
Erlend skráning og bókfræðistjórn.....	27
Gæðastjórn Gagnis.....	28
VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ	29
Forvarsla og bókband.....	29
Myndastofa	29
Handritasafn.....	29
Íslandssafn.....	31
Sérstöfn	31
Tón- og myndasafn	32
Kvennasögusafn	32
Miðstöð munnlegrar sögu	33
MIÐLUN OG RAFRÆNN AÐGANGUR.....	34
Upplýsingapjónusta og notendafræðsla	34
Millisafnalán	35
Tímarit og staðalnúmer	35
Landsaðgangur	36
Sýningar og kynningar	36
ÞJÓNUSTA OG SAMSKIPTI VIÐ HÍ	39
Útlán.....	39
Útibú	40
Námsbókasafn.....	41
Lokaverkefni og rannsóknarit.....	41
ÁRSTÖLUR	42
Notendur og þjónusta	42
Safnkostur og rekstur	46

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Áfram var aðhald í rekstri safnsins en samkvæmt ársreikningi 2014 varð rekstrarafgangur í fyrsta sinn í mörg ár. Alls hefur verið skorið niður um 25% frá 2008 og á sama tíma hefur orðið hækkun á öllum aðföngum til safnsins. Framlög á fjárlögum voru þau sömu og á síðasta ári að viðbættum verðlagsuppfærslum og sérstöku framlagi sem veitt var til Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Það verkefni var stærsti einstaki liðurinn eins og áður. Hagstætt gengi varð þó til þess að reksturinn kom óvenju vel út á árinu.

Ekki var ráðið í störf nema nauðsyn bæri til en ársverkum fjölgaði um 1.65. Ferðir og ráðstefnur voru með minnsta móti. Lítið var um stórar fyrirhugaðar framkvæmdir utanhúss vegna veðurs, en nokkuð um uppfærslur og endurnýjun tölvubúnaðar. Sértektur voru hærri en reiknað hafði verið með, og skýrist það aðallega af styrkjum sem safnið fékk vegna sýningarhalds og viðburða.

Meðal stórra verkefna á árinu var endurskoðun reglugerðar um safnið nr. 170/2014, endurskoðun jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlunar, og mótun jafnlaunastefnu og samgöngustefnu. Unnin var fræðslu- og starfsþróunaráætlun og námskeiðsáætlun til næstu þriggja ára. Þá var nýlegur samstarfssamningur um TEL (The European Library) endurskoðaður, en hann felur m.a. í sér að þau lýsigögn sem safnið lætur frá sér í vefgáttina Europeana eru opin til hagnýtingar fyrir aðra. Ársfundur og ráðstefna EDUG - Evrópusamtaka Dewey-notenda (European Dewey User Group) var haldinn í safninu 22.-23. maí. Þátttöku í nokkrum erlendum verkefnum lauk s.s. *Europeana Newspapers*, *Medieval Europe* *COST* og *Stories for all time: The Icelandic Fornaldarsögur*. Sýning í tilefni af því að 400 ár voru liðin frá fæðingu Hallgríms

Péturssonar var opnuð með málþingi þann 11. september. og fyrirlestraröð um íslenska bóksögu var haldin veturinn 2014-2015. Innleiðing RDA skráningarreglnanna fyrir bókasöfn hófst, en gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í lok árs 2016. Þann 1. desember var haldið upp á 20 ára afmæli Þjóðar-bókhöðunnar.

ÁRANGURSSAMNINGUR

Í samræmi við árangurssamning milli safnsins og menntamálaráðuneytisins frá 2005 er lögð áhersla á stöðu safnsins sem þekkingarveitu. Rætt hefur verið um endurskoðun samningsins en ekki orðið af því. Áherslur í gildandi samningi eru einkum tvenns konar, *Stafrænt þjóðbókasafn* og *Stafrænt rannsóknabókasafn*. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum í þessum málaflokkum:

STAFRÆNT ÞJÓÐBÓKASAFN

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Vefurinn Hljóðsafn var opnaður á árinu og í árslok voru þar um 10 þúsund hljóðskrár aðgengilegar. Íslensk bókaskrá 1534-1844 var einnig opnuð en þar eru nákvæmar lýsingar og bókfræðilegar skráningar á þeim íslensku ritum sem gefin voru út á þessu tímabili. Vefurinn mun tengjast *bækur.is* og ritin verða sett í stafrænt form. Lykilskrá var einnig opnuð, en þar eru nú 10 þús. efnisorð og 77.500 mannanöfn eða nafnmyndir, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum.

Alls voru myndaðar á árinu um 206 þús. bls. sem er talsvert minna en í fyrra, en færri starfsmenn unnu að stafrænni endurgerð en áður. Heildarfjöldi myndaðra blaðsíðna á *tímarit.is* er nú 4.8 milljónir. Á vefnum *handrit.is* eru um 1870 mynduð handrit, alls um 426 þús. bls. og á *bækur.is* eru rúmlega 1000 rit eða um 305 þús. bls. Á *islandskort.is* eru 771 kort frá árunum 1544-1951 og yfir þúsund útgáfur. Nokkur kostuð verkefni voru unnin, aðallega tengd *tímarit.is*. Ný myndavél af gerðinni Qidenus var keypt í upphafi árs.

Móttaka og söfnun stafræns íslensks efnis

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Í fyrra bættust við afrit af íslenskum vefsíðum 1996-2004 frá Internet Archive, 47 milljónir skjala og 287 gigabæt. Nú eru rúmlega 2.980 milljónir skjala í safninu eða um 57 terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok tæplega 50 þúsund.

Safnið rekur *skemman.is* sem er opið varðveislusafn fyrir námsritgerðir nemenda og rannsóknarit starfsmanna íslenskra háskóla. Nú eru í Skemmuni rúmlega 21.000 verk.

Rafhladan.is, er varðveislusafn fyrir útgefið íslenskt efni sem verður til stafrænt. Efnið er ýmist sótt af starfsmönnum safnsins eða að stofnanir einstaklingar og fyrirtæki senda inn efni. Í safninu eru nú rúmlega 7.000 einingar.

Gegnir.is og leitir.is

Safnið tekur virkan þátt í þróun *gegner.is*, sem er bókasafnskerfi flestra bókasafna hér á landi og *leitir.is*, sem er samþætt leitargátt, en bæði kerfin eru rekin af Landskerfi bókasafna hf. *Leitir.is* veitir upplýsingar um bækur, hljóðbækur, raðbækur, tímarit, tímaritsgreinar, ljósmyndir, myndefni, tónlist, hljóðrit, nótur, skýrslur og lokaverkefni háskólanema. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi. Efnið kemur frá bókasöfnum og fleiri aðilum og á næstu árum er stefnt að því að taka inn efni frá minjasöfnum og skjalasöfnum.

STAFRÆNT

RANNSÓKNABÓKASAFN

Landsaðgangur – hvar.is

Á árinu var samið við Karger vegna tímabilsins 2015-2017 og einnig var samið við Springer vegna 2013-2015. Samið var til eins árs vegna *EBSCOhost Premier*, *ProQuest Central*, *SAGE Premier* og *Morgunblaðsins*. Áskrift að *Oxford Art Online* var hætt í upphafi árs 2014. Eitt helsta samningsmarkmiðið var að halda hækkunum milli ára í skefjum og tókst það nokkuð vel.

Rýnihópur um gagna- og tímaritasöfn skilaði niðurstöðum til stjórnarnefndar í júní. Í ljós kom að efni í þessum söfnum skarast töluvert og skarast einnig við önnur tímaritasöfn í áskrift. Lýsigögn ProQuest urðu aðgengileg í *leitir.is* í gegnum Primo Central Index í lok árs, en EBSCO hefur ekki enn náð samningum við ExLibris.

Íslenskir háskólar veita aðgang að áskriftum Landsaðgangs og eigin séráskriftum í gegnum skrána *Finna tímarit*, sem byggir á tímaritalista SFX Classic krækjukerfisins, en lýsigögnin liggja í Primo Central Index. Megnihluti efnisins er einnig aðgengilegur í *leitir.is* og og þar er boðið upp á bX ábendingaþjónustuna sem vísar á skylt efni. Öll þessi kerfi eru rekin af Landskerfi bókasafna. Heildarnotkun á efni Landsaðgangs var svipuð og á síðasta ári.

Áttavitinn

Áttavitinn er ný þjónusta á vef safnsins fyrir háskólanema og fræðimenn, en það eru leiðarvísar

sem vísa á ýmis hjálpargögn fyrir heimildaleit, tengla við gagnasöfn og fræðsluefni. Þar eru nú 20 leiðarvísar.

Vefir og samfélagsmiðlar

Í árslok rak safnið 20 vefi eða vefþjónustur og eru sumir samstarfsverkefni og hafa sitt útlit. Notkun margra vefja safnsins er mæld bæði hjá Modernus og Google Analytics. Heildarnotkun er svipuð og á síðasta ári, en þeir fengu að meðaltali samanlagt 5.500 heimsóknir og skiluðu 27.000 síðum til notenda á dag árið 2014. Notkun í gegnum snjalltæki er um 11%, en misjöfn eftir vefjum.

Safnið er með Facebook síðu til að kynna viðburði og ýmislegt sem er á döfinni og eru um 1900 vinir á henni. Aðrar einingar sem halda úti síðum á Facebook eru: handritasafn, tón- og myndasafn, Íslands-safn, Kvennasögusafn, Miðstöð munnlegrar sögu *tímarit.is*, *bækur.is* og Landsaðgangur. Þá geta notendur Uglu, innri vefs Háskóla Íslands, bætt safninu við forsíðuna hjá sér, fengið fréttir safnsins eða tengla á helstu úrræði í heimildaleit.

Opinn aðgangur (Open Access)

Samkvæmt reglum Rannís frá 2013 skulu niðurstöður rannsókna sem fá styrk, birtar í opnum aðgangi. Rannís vísaði á Skemmuna og safn Landspítalans, Hirslna, sem varðveislusöfn. Háskóli Íslands samþykkti stefnu um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum í febrúar. Ennfremur voru samþykktar verklagsreglur um birtingu vísindagreina í opnum aðgangi. Stefnan átti að taka gildi 1. júlí en var frestað til áramóta vegna þess að beðið er eftir rannsóknagagnasafni og hvernig varðveislu vísindagreina verður háttað.

Rannsóknagagnasafn (CRIS)

CRIS kerfið (Current Research Information System) eða rannsóknagagnasafn til að halda utan um fjármögnun vísindastarfs og birtingar íslenskra vísindamanna, var áfram í umræðunni á árinu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hélt kynningarfund vegna fyrirhugaðra kaupa á slíku kerfi í október og einnig fundi með söluaðilum. Verkefnið færðist til ráðuneytisins síðari hluta ársins og til stendur að ráða verkefnisstjóra. Áhugi er fyrir því að Lbs-Hbs taki að sér umsjón með skráningu upplýsinga í kerfið og varðveislu gagna.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að innan safnsins, auk þess sem birtar eru lykiltölur um starfsemina og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

STJÓRNSÝSLA

STJÓRN

Þar til í ágúst sátu í stjórn Vésteinn Ólason formaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra, Rögnvaldur Ólafsson og Arnfríður Guðmundsdóttir tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Árni Heimir Ingólfsson tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Kristín Svavarsdóttir tilnefnd af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Erna Björg Smáradóttir tilnefnd af Upplýsinga og Rósa Bjarnadóttir tilnefnd af starfsfólki. Í varastjórn voru Sólveig Ólafsdóttir, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Guðrún Þórðardóttir, Magnús Gottfreðsson, Sveinn Ólafsson og Birgir Símonarson. Þeim er þakkað fyrir ánægjulegt samstarf og óeigingjarnt starf í þágu safnsins.

Skipunartími nýrrar stjórnar er frá 15. október 2014 til 14. október 2018. Í henni sitja Ágústa Guðmundsdóttir formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, Elín Soffía Ólafsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Hrafn Loftsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Kristín Svavarsdóttir tilnefnd af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Sveinn Ólafsson, tilnefndur af Upplýsinga og Rósa Bjarnadóttir tilnefnd af starfsfólki safnsins. Í varastjórn sitja Arna Hauksdóttir, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Marta Kristín Lárusdóttir, Karl Andersen, Margrét Sigurgeirsdóttir og Birgir Símonarson. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru 7 stjórnarfundir á árinu. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi*, og sendar menntamálaráðuneytinu.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæft og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórnar, Áslaug Agnarsdóttir, Edda G. Björgvinsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkelsson. Framkvæmdaráð fundaði 32 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á *Inngangi*.

LAGAUMHVERFI

Lokið var endurskoðun reglugerðar um safnið til samræmis við lög nr. 142/2011 og tók hún gildi 27.

janúar 2014 og er nr. 170/2014. Jafnframt féll úr gildi reglugerð nr. 706/1998. með áorðnum breytingum.

Þann 16. maí var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi. Skv. henni er mennta- og menningarmálaráðherra falið að setja fram stefnu um málið og leggja drög að því að verkið verði unnið á næstu 10-20 árum. Skipaður var vinnuhópur á vegum ráðuneytisins og situr Örn Hrafnkelsson í honum af hálfu safnsins.

STEFNUMÓTUN

Í stefnu safnsins 2013-2017 voru sett fram 61 stefnumál til næstu ára, en þau skiptast í átta málaflokka. Til að vinna að þeim voru skilgreind 213 verkefni. Í árslok var lokið við 44 verkefni eða 20%. Jafnréttisstefna / jafnréttisáætlun fyrir safnið var endurskoðuð og samþykkt í janúar. Hún inniheldur tímasettar aðgerðir sem framfylgt verður árlega. Stefnan var metin af Jafnréttisstofu og uppfyllir kröfur Jafnréttislaga nr. 10/2008.

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 6. febrúar stefnu um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum. Ennfremur voru samþykktar verklagsreglur um birtingu vísindagreina í opnum aðgangi. Stefnan átti að koma til framkvæmda 1. júlí 2014 en gildistöku hennar var frestað út árið. Gert er ráð fyrir samráði við Lbs-Hbs um framkvæmdina, m.a. rekstur rafrænna varðveislusafna á borð við *Skemmuna*.

Samgöngustefna fyrir safnið var samþykkt í mars. Markmiðið með henni er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta. Safnið vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks síns, en með vistvænum samgöngumáta er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu í einkabíl, svo sem að ganga, hjóla eða ferðast með strætisvögnum.

SKIPURIT

Núverandi skipurit tók gildi 1. janúar 2011. Það var endurskoðað 2012 til samræmis við lög nr. 142/2011 og nokkrar breytingar gerðar (sjá bls. 19).

INNRA STARF

REKSTRARÁÆTLUN

Framlag til safnsins á fjárlögum 2014 og vegna rannsóknaleyfa og kjarasamninga var 811.6 millj. kr. Það er nokkur hækkun frá fyrra ári sem að meginhluta skýrist af launa- og verðlagshækkunum. Við það bættust síðan framlag HÍ vegna ritakaupa, innheimta vegna Landsaðgangs o.fl. þannig að heildartekjur safnsins voru 1.039.7 millj. kr. Laun hækkðu nokkuð vegna ákvæða kjarasamninga og aðföng og þjónusta sem safnið kaupir hækkaði einnig. Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir 10 m. kr. halla en niðurstaðan varð hinsvegar jákvæð.

VERKEFNAÁÆTLANIR

Unnar voru verkefnaáætlanir fyrir hvert svið eins og venja er. Alls voru 331 verkefni á áætlun. Fylgst er með framvindu verkefna á hverjum ársfjórðungi og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist og hvers vegna. Lokið var við um 58.6% verkefna, en 12.1% voru enn í vinnslu en á áætlun í árslok. Hætt var við 4% verkefna en önnur verkefni voru ýmist ekki á áætlun eða í bið.

FRÆÐSLUÁÆTLANIR

Fræðsluáætlanir voru unnar fyrir veturna 2013-2014 og 2015-2015. Starfsfólk safnsins sinnti fræðslunni að talsverðu leyti líkt og undanfarin ár og kynnti rannsóknarleyfi og ýmislegt sem er í vinnslu innan safnsins. Sjö manns sóttu námskeið um skjalastjórnarkerfið GoPro hjá Hugviti hf. og talsvert stærri hópur sótti kynningu sem haldin var í safninu. Lilja Birgisdóttir iðjuþjálfari frá Heilsuvernd ræddi um samspil vinnuumhverfis, líkamsbeitingar og álagseinkenna og fór á milli starfsstöðva í safninu og veitti persónulega ráðgjöf. Tveir starfsmenn sóttu vefnámskeið um skráningu skv. RDA skráningarreglunum á vegum American Library Association. Starfsmenn 60 ára og eldri sóttu sameiginlegan fræðslufund Þjóðskjalasafns, Listasafns og Lbs-Hbs um lífeyrismál og Rauði kross Íslands hélt námskeið í skyndihjálp sem var sameiginlegt með Listasafni. Þá var starfsmannastjóri með kynningu á starfsmatskerfinu SKREF, en það hefur verið í notkun í safninu frá 2003. Allmargir starfsmenn safnsins stunda nám eða sækja sér endurmenntun á eigin vegum. Reynt er að koma til móts við þá með sveigjanlegum vinnutíma eða lækkuðu starfshlutfalli, ef að námið nýtist viðkomandi í starfi eða bætir við þekkingu í safninu.

RÁÐGJAFI AÐ LÁNI

Samið var við fræðslusetrið Starfsmennt um gerð fræðsluáætlunar fyrir safnið. Verkefnið er styrkt af Starfsmennt og Starfsþróunarsetri háskólamanna. Ráðgjafarnir skiluðu fræðslu- og starfsþróunaráætlun og námskeiðsáætlun í nóvember og verður hún notuð næstu tvö til þrjú árin.

NÁMSLEYFI

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011 hefur starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til að stunda endurmenntun eða framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar eða starfsmanns. Safnið hefur mótað reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Ragna Steinarsdóttir fékk námsleyfi á vorönn 2013 til að vinna að MLIS ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði en útskrifaðist vorið 2014. Áki Guðni Karlsson fékk tveggja vikna námsleyfi á haustönn 2014, til að ljúka við tímaritsgrein í ritrýndu tímariti, en greinin er hluti af doktorsnámi hans við námsbraut í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

RANNSÓKNARLEYFI

Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta sótt um rannsóknaleyfi með nokkurra ára millibili. Guðmundur Ingi Guðmundsson fékk rannsóknarleyfi á árinu í einn mánuð til að kynna að kynna sér nýjungar og fyrirkomulag í þjónustu við félagsvísindi og lögræði í rannsóknabókasöfnum á Norður-löndum og í Brussel.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING, FUNDIR

Nína Tryggvadóttir – málþing

Við opnun sýningar í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá fæðingu myndlistakonunnar Nínu Tryggvadóttur þann 27. febrúar, var haldið stutt málþing í fyrirlestrasal. Landsbókavörður sagði frá efni í safninu sem tengist Nínu og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur hélt erindi um bók Nínu *Fljúgandi fiski-saga* (1948).

Námskeið um aðferðir munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu bauð upp á námskeið þann 1. mars þar sem munnlega saga og helstu aðferðir hennar voru kynntar. Kennari var Unnur María Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og fyrrverandi verkefnisstjóri MMS.

Á hjara veraldar – Melitta Urbancic – málþing

Við opnun sýningarinnar *Á hjara veraldar* þann 8. mars, um Melittu Urbancic, var haldið málþing um ævi og verk Melittu og erindi fluttu Sjón, Gauti Kristmannsson, Sibyl Urbancic, Oddný Sverrisdóttir og Angela Rawlings. Sölvi Björn Sigurðsson og Sabine Leskopf lásu úr ljóðum Melittu og kvartettinn Kvika flutti íslensk ljóð og lög í þýðingu Melittu og útsetningu Victors Urbancic.

EDUG ráðstefna og ársfundur 2014

Árleg ráðstefna EDUG – Evrópusamtaka Dewey-notenda var haldin 22. maí í safninu og þar var fjallað um starfsemi samtakanna, sagt frá notkun Dewey flokkunarkerfisins hér á landi, stöðu mála í Svíþjóð og Austurríki, tengd opin gögn og nýjungar í vef-Dewey. Lbs-Hbs er nú aðili að samtökunum.

Michel Butor & vinir

Í tengslum við opnun sýningarinnar *Michel Butor & vinir* þann 28. maí, var haldin vinnustofa og málstofa um bókverkagerð. Nemendur frá HÍ og Listaháskóla Íslands unnu bókverk sem eru hluti af sýningunni. Þá var haldin málstofa þar sem Michel Butor og Bernard Alligand ræddu verk sín.

Hallgrímur Pétursson 1614-2014 – málþing

Við opnun sýningar í tilefni þess að 400 ár eru liðin frá fæðingu sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar 11. september var haldið stutt málþing. Ávörp fluttu landsbókavörður, Margrét Eggertsdóttir prófessor við Árnastofnun sem samdi sýningartextann og Sigríður Hjördis Jörundsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir sem tóku saman handrit á sýninguna.

Fyrirlestraröð um íslenska bóksögu

Bragi Þorgrímur Ólafsson skipulagði fyrirlestraröð um íslenska bóksögu í Þjóðarbókhöllu veturinn 2014-2015. Fyrirlestrarir voru haldnir mánaðarlega en verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar og Haraldar Sigurðssonar.

Þann 1. október fjallaði Árni H. Kristjánsson sagnfræðingur um fjölfræðasafn Jóns Bjarnasonar bónda í Þórormstungu sem hann tók saman á 19. öld og skyggndist jafnframt í handritin ÍBR 67-73 4to. Úrval handritanna kemur út í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*.

Þann 5. nóvember hélt Örn Hrafnkelsson erindi um bókaeign á Íslandi á 19. öld. Hann sagði frá skýrslum um bókaeign á Íslandi sem teknar voru saman fyrir hvatningu Jóns Árnasonar landsbóka- varðar á sjöunda áratug nítjándu aldar og greindi frá því hvernig nýta má þessar skýrslur í dag með aðstoð tölvutækninnar. Fleiri fyrirlestrar verða haldnir 2015.

Kynning á starfsmatskerfinu SKREF

Vigdís Edda Jónsdóttir starfsmannastjóri hélt kynningarfund um starfsmatskerfið SKREF fyrir starfsfólk safnsins 28. október. Kerfið hefur verið notað í Háskóla Íslands frá 2001 og í safninu frá 2003.

Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundur skrásetjara Gegnis var haldinn 7. nóvember en enginn fundur var á vorönn. Á fundinum var gerð grein fyrir áætlun um innleiðingu RDA skráningarreglnanna og FRBR hugtakalíkaninu. Einnig var lykilmál innleiðingarinnar kynnt. Fundinn sóttu ríflega sjötíu manns. Hildur Gunnlaugsdóttir sagði frá forsögu verkefnisins og Þóra Sigurbjörnsdóttir gerði grein fyrir aðalatriðum við innleiðinguna, Áslaug Þorfinnsdóttir fjallaði um RDA skráningu, Sigrún Hauksdóttir fjallaði um kerfis- aðlögun vegna RDA, Rósa S. Jónsdóttir um næstu skref í innleiðingarferlinu og Halfríður H. Kristjánsdóttir lauk fundinum með kennslustund í FRBR.

Afmæli safnsins - 1. desember

Haldið var upp á 20 ára afmæli safnsins og opnun Þjóðarbókhöllu þann 1. desember. Sagt var frá þremur nýjum verkefnum, Bryndís Vilbergisdóttir kynnti Hljóðsafnið, Jökull Sævarsson kynnti Íslenska bókaskrá 1534-1844 og Halldóra Þorsteinsdóttir kynnti Áttavitann. Þá fjallaði Guðmundur Oddur Magnússon um myndmál og tákn skjaldarmerkis Íslands. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði síðan tvær sýningar, annars vegar 20 ára afmælisýningu og hins vegar sýningu um vinnu Tryggva Magnússonar teiknara við þróun skjaldarmerkisins en hún er haldin í tilefni af því að 70 ár eru frá lýðveldisstofnuninni.

ÚTGÁFA

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest í rafrænu formi. Bæklingar og kynningarefni er unnið í prentuðu formi en margir bæklingar eru aðgengilegir á vef safnsins. Einnig allar ársskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007. Auk þess er *Árbók Landsbókasafns* 1945-1994 og *Ritmennt* 1996-2005 á *timarit.is*.

Sýningarskrár

Þrjá nýjar sýningarskrár voru gefnar út í tengslum við sýningar um Melittu Urbancic, Michel Butor og vini og Hallgrím Pétursson. Um hönnun sá Ólafur Engilbertsson.

Ný bókamerki

Ný bókamerki voru tekin í notkun í útlánum. Þau sýna skáldin Hallgrím Pétursson 1614-1674, Einar Benediktsson 1864-1940, Dylan Thomas 1914-

1953, Octavio Paz 1914-1998 og Tove Jansson 1914-2001. Hönnun var í höndum Ólafs Engilbertssonar og Áslaugar Agnarsdóttur.

Handbók skrásetjara

Handbók skrásetjara Gegnis var uppfærð í desember. Á forsíðunni er vakinn athygli á áætlun um innleiðingu RDA skráningarreglnanna og bent á fróðleik um RDA. Einnig er vakinn athygli á skjákennslu í handbókinni.

Wiki-handbækur á Inngangi

Á árinu var unnið að því að setja ýmsar handbækur og vinnureglur í rafrænt form. Sumar þeirra eru nú aðgengilegar á Inngangi, undir heitinu Wiki-handbækur. Komnar eru bækur fyrir Hljóðsafn, Vefsafn og Rafhlöðuna, aðföng og skráningu, vinnslulínuna fyrir stafræna endurgerð, millisafnalán og upplýsingaþjónustu en fleiri eru í undirbúningi.

Nýir vefir

Áðurnefndir nýir vefir, Hljóðsafn og Íslensk bóka-skrá 1534-1844 voru opnaðir á afmæli safnsins 1. desember. Um mitt árið var Lykilskrá opnuð. Upplýsingatæknihöpur vann tæknivinnu og tengingu við önnur kerfi í samstarfi við aðra starfsmenn safnsins.

Áttavittinn - LibGuides

Áttavittinn var einnig opnaður 1. desember en hann er aðallega hugsaður sem þjónusta við háskóla-nema, í staðinn fyrir vefsíðurnar *Fræðigreinin þín*. Tuttugu leiðarvísar voru unnir á árinu.

STYRKIR

Bóksögurannsóknir

Þrír starfsmenn fengu styrki úr rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar og Haraldar Sigurðssonar. Áslaug Agnarsdóttir fékk 500.000 kr. til að vinna að skrá yfir þýðingar íslenskra miðaldabókmennta, Bragi Þorgrímur Ólafsson 150.000 kr. til að skipuleggja fyrirlestraröð um íslenska bóksögu og Örn Hrafnkelsson 750.000 kr. til að kortleggja bókaeign á Íslandi á 19. öld. Í öllum tilvikum er verið að vinna með efni og gögn safnsins.

100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna veitti 13 millj. kr. styrk vegna sýningar um sögu kosningaréttar á Íslandi og sérstaklega kosningaréttar kvenna, auk kvennabaráttu og jafnréttismála. Styrkurinn er einnig til að halda málþing og setja upp nýja vefsíðu um sögu kosningaréttar, auk skráningar og stafrænnar endurgerðar efnis sem tengist sýningunni.

400 ára árstíð Hallgríms Péturssonar

Ríkisstjórnin og mennta- og menningarmálaráðuneytið veittu 3 millj. kr. styrk vegna sýningar um Hallgrím Pétursson í tilefni af 400 ára árstíð hans, rafrænnar útgáfu Passíusálmanna með eiginhandarriti hans og uppfærslu á Passíusálmavefnum í samstarfi við RÚV.

VEFMÆLINGAR

Haldið var utan 20 vefi á vegum safnsins á árinu. Notkun á vefþjónustunni var mæld með Google Analytics. Modernus hefur einnig talið flesta vefi safnsins frá því í október 2004. Heimsóknnum fækkar nú lítillega milli ára, en innlit voru tæplega 2 millj. og síðuflettingar um 9.8 millj. Færri síðuflettingar skýrast að hluta til af aukinni umferð frá Google leitarvélinni en þá er farið beint á viðkomandi gögn. Á lista Modernus yfir mest sóttu íslensku vefina árið 2014 var *timarit.is* í 34. sæti, *skemman.is* í 50. sæti, *landsbokasafn.is* í 90. sæti og *hvar.is* nr. 107. Einnig má nefna að *gegnir.is* var í 59. sæti og *leitir.is* í 74. sæti. Því má segja að þjónusta bókasafna á vefnum er mikið notuð. *Timarit.is* er langvinsælasti vefurinn en *skemman.is* er í öðru sæti. Þá kemur aðalvefurinn og *hvar.is* en vefirnir *vefsafn.is*, *handrit.is* og *bækur.is* njóta einnig talsverðra vinsælda. Notkunin þeirra mun væntanlega aukast í takt við aukið efni. Nýir vefir í talningu eru Hljóðsafn, Íslensk bókaskrá til 1844 og Lykilskrá.

Í VIKULOKIN

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir til starfsfólks, stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Menntavísindasviðs. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 34 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á Inngang.

SAMGÖNGUSAMNINGAR

Samgöngusamningar voru kynntir í mars í kjölfar þess að samþykkt var samgöngustefna fyrir safnið. Starfsmenn skuldbinda sig til að ferðast til vinnu með því að ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur gegn strætókorti eða sérstaks framlags.

ÖRYGGISMÁL OG TÖLVUKERFI

Safnið notar netöryggissíuna Websense til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitskerfisins Spiceworks, sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Þá er notaður eldveggur frá Cisco, Firewall Analyzer til að fylgjast

með umferðinni og Trend Micro vírusvörn auk fleiri tóla. Sýndarumhverfi safnsins var uppfært á árinu en sífellt stærri hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þarf vel með því til að gæta fyllsta öryggis. Nýtt kerfi vegna aðgangs-stýringa og öryggismyndavéla var tekið í notkun.

Myndavél fyrir stafræna endurgerð

Ný myndavél fyrir stafrænu endurgerðina kom til safnsins í byrjun febrúar. Hún er af gerðinni Qidenus og sérfræðingur frá fyrirtækinu Qidenus Technologies GmbH í Vín í Austurríki vann í tvo daga við uppsetninguna, en forrita þurfti vélina og tengja við myndvinnslulínuna og fleiri kerfi. Nýja vélin leysir af hólmi 10 ára gamla vél af gerðinni Zeutschel, sem skilaði sínu en studdi ekki lengur nýjustu útgáfu af Windows XP stýrikerfinu.

STARFSMANNAFUNDIR

Tveir almennir starfsmannafundir voru haldnir á árinu. Þann 25. mars kynnti Bergsteinn Gunnarsson öryggismál á netinu og öryggissíuna Websense og landsbókavörður fjallaði um netnotkun og skynsamlega nethegðun. Vigdís Edda Jónsdóttir sagði

frá nýsamþykktri jafnréttisstefnu og innleiðingu jafnlaunastaðals, og einnig samgöngusamningum. Áslaug Agnarsdóttir fjallaði um endurskoðaðar húsreglur. Á starfsmannafundi þann 21. okt. fjallaði landsbókavörður um fjárlagafrumvarpið 2015, nethegðun, samfélagsmiðla og prentun og breytingar á rými. Vigdís Edda Jónsdóttir sagði frá niðurstöðum könnunarinnar um stofnun ársins.

STARFSMANNAFÉLAGIÐ HLÖÐVER

Í stjórn Hlöðvers 2013-2014 voru kosin: Auður Styrkársdóttir, Birgir Símonarson, Erlendur Már Antonsson, Eva Kamilla Einarsdóttir, Hjörleifur Hjörtþórsson, Jósefína Ólafsdóttir og Katrín Alfa Snorraddóttir. Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu m.a. nýársfagnaði, barsvari, kjallarasöng, handavinnustundum, staffakaffi, leynivinaleik og tiltektar- og skreytingadegi.

MÖTUNEYTI

Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffistofu á 2. hæð og sáu einnig um fundi og mót-tökur á vegum safnsins.



Vinnustofa í bókagerð í tengslum við sýningu um Michel Butor og vini í maí.

SAMSKIPTI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAMSTARFSSAMNINGUR OG SAMSTARFSNEFND

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins er frá 2009 og endurskoðun hans hófst í lok ársins. Í samstarfsnefnd voru af hálfu HÍ Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísindasviðs og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Af hálfu safnsins sitja í nefndinni Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Samstarfsnefndin fjallaði um stefnu HÍ um opinn aðgang sem háskólaráð samþykkti 6. febrúar, rekstur varðveislusafna, upplýsingagjöf varðandi hýsingu efnis í varðveislusöfnum, ákvarðanir um að varðveislu lokaritgerða á pappír verði hætt, reglur um aðgang að lokaritgerðum í *Skemmunni*, rannsóknagagnasafn o.fl.

HÁSKÓLAÞING

Háskólaþing kom tvisvar saman á árinu. Þann 11. apríl var fjallað um reynslu og viðhorf núverandi og fyrrverandi nemenda af námi við HÍ, í samanburði við erlenda háskóla og ýmis nýmæli á sviði náms og kennslu, auk þess sem tilnefndir voru fulltrúar á háskólaþing 2014-2016. Þann 4. nóvember fjallaði háskólaþing um efni í sjálfsmatsskýrslu HÍ, *Reflective Analysis* sem unnin var skv. ramma-

áætlun gæðaráðs háskóla um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi. Skýrslan er í undirbúningi og kemur út á næsta ári.

SKEMMAN OG SKIL NÁMSRITGERÐA Á STAFRÆNU FORMI

Allir háskólarnir eru þátttakendur í samstarfinu um Skemmuna. Verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar allra háskólanna og Lbs-Hbs, sér um þróun vefjarins. Fulltrúar safnsins í verkefnisstjórninni eru Áslaug Agnarsdóttir og Kristinn Sigurðsson. Áfram var rætt á árinu hvaða efni eigi heima í Skemmunni og hvort ástæða sé til að gera breytingar, sérstaklega í tengslum við hlutverk rannsóknagagnasafns. Uppfærsla á Skemmunni til þess að geta tekið á móti efni sem stenst kröfur Evrópusambandsins um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum krefs mikillar vinnu og huga þarf að nýju skipulagi varðveislusafna hér á landi. Áhersla er þó lögð á að efni í Skemmunni sé í opnum aðgangi. Ljóst er að HÍ þarf að endurskoða reglur um skil lokaritgerða. Skemman er meðal vinsælustu vefja safnsins og jókst notkun enn á milli ára.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Enginn fundur var haldinn með hagsmunanefnd stúdenta á árinu.



Vakin var athygli á efni úr safninu vegna Hinsegin daga í ágúst.

INNLENT SAMSTARF

HÁSKÓLABÓKAVERÐIR

Á árinu héldu háskólabókaverðir einn fund, í bókasafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Meðal helstu mála sem rædd voru má nefna: samning Fjölís um stafræna eintakagerð við háskólana, Skemmuna og ákvarðanir um að hætta að taka við lokaritgerðum á prenti, stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang, kennsluvefi háskólabókasafna, upplýsingakerfi um rannsóknir og nýsköpun (CRIS) og Creative Knowledge ráðstefnuna.

LANDSKERFI BÓKASAFNA

Starfsmenn safnsins taka mikinn þátt í vinnu við þróun og uppfærslur bókasafnskerfisins Gegnis, *gegnir.is* og leitargáttarinnar Leitir, *leitir.is*. Sérfræðingar frá safninu sjá um og taka þátt í kennslu á námskeiðum á vegum Landskerfis bókasafna. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins. Í stjórn Landskerfis bókasafna eru Árni Sigurjónsson formaður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Karl Guðmundsson og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir. Fyrirtækið stendur mjög vel og hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfsemi bókasafna í landinu.

Á vegum Landskerfis starfa skráningarráð og efnisorðaráð. Fulltrúi safnsins í skráningarráði var Sigrún Jóna Marelsdóttir, en Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir tók við í október. Hildur Gunnlaugsdóttir gæðastjóri Gegnis situr einnig fundi ráðsins. Aðrir í ráðinu í árslok voru Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir.

Í efnisorðaráði, hafa setið frá 2004 Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, af hálfu safnsins, og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Elísabet lét af störfum á árinu. Safnið sér um alla efnisorðavinu í Gegni.

Gegnir var uppfærður í 22. útgáfu á árinu og einnig voru Leitir uppfærðar tvisvar. Í lok árs var um 1.14 millj. titla skráðir í Gegni og fjöldi eintaka var 5.7 milljónir. Útlán á árinu 2014 voru tæplega 3.2 milljónir og lánþegar 197 þúsund. Heildarfjöldi færslna í Leitir eru tæpar 2.4 milljónir og koma þær frá Gegni, Sarpi, Skemmuni, Hirslunni, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og víðar.

HASK - Handbók skrásetjara Gegnis

Handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsmenn safnsins sjá um, var uppfærð í lok árs. Meðal nýjunga eru upplýsingar sem tengjast innleiðingu RDA skráningarreglnanna og áætlun um innleiðingu

þeirra. Umferð um vefinn *hask.bok.hi.is* er talin eins og á öðrum vefjum safnsins.

SFX krækjuckerfið og bX ábendingaþjónustan

Háskólasöfnin hafa notað SFX frá árinu 2009 en grunnupplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu auk upplýsinga um séráskriftir hvers skóla. SFX er krækjuckerfi sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efninu fylgja upplýsingar um hvernig hægt er að nálgast það. SFX má einnig nota sem tímaritalista og til að setja fram leitarniðurstöður og heitir skráin *Finna tímarit*. bX ábendingaþjónustan bendir notendum síðan á skylt efni.

Primo Central Index (PCI)

Meginhluti þess rafræna efnis sem Lbs-Hbs kaupir aðgang að, er orðið aðgengilegt í *leitir.is* í gegnum PCI. Þó standa enn nokkur gagnasöfn út af og m.a. var ekki aðgangur að efni ProQuest og EBSCO í gegnum PCI. Á árinu tókust samningar milli Ex-Libris og ProQuest um að þeirra lýsigögn verði aðeggnileg í PCI, en það slitnaði upp úr samningum við EBSCO. Landsaðgangur greiðir 60% af kostnaði við þjónustuna og háskólarnir skipta á milli sín 40% skv. greiðslulíkani.

Rafgagnahópur

Á síðasta ári var skipaður rafgagnahópur á vegum Landskerfis bókasafna. Hlutverk hans var að móta framtíðarsýn varðandi aðgengi að rafrænu efni á *leitir.is*, og skilaði hópurinn skýrslu í júní 2014. Í kjölfarið voru Leitir uppfærðar og m.a. var allt efnið sett undir einn leitarflipa. Birgir Björnsson og Hildur Gunnlaugsdóttir voru fulltrúar Lbs-Hbs.

Útlán rafbóka

Fylgt var eftir vinnu vegna útlána rafbóka og átti stjórn Landskerfis m.a. fundi með fulltrúum frá Bibliotekssentralen í Ósló um kerfi þeirra BS Weblån, sem byggir á sömu aðferðafræði og við venjuleg útlán gagna á bókasöfnum. Einnig var rætt við forsvarsmenn Félags íslenskra bókaútfenda.

Tölfræði í Gegni

Tekið var í notkun nýtt tölfræðilíkan fyrir Gegni og fyrsta verkefnið voru s.k. topplánalistar, eða listar yfir þær bækur sem eru mest lánaðar í bókasöfnunum. Áfram verður unnið að því að þróa tölfræðiskýrslurnar.

The European Library (TEL) og Europeana

CENL (Conference of European National Librarians), Lbs-Hbs og Landskerfi bókasafna eru aðilar að samstarfssamningi (Partnership Agreement) vegna birtingar lýsigagna úr Gegni undir leyfiskilmálum Creative Commons Zero (CC 1.0) í TEL og Europeana. Samningurinn var endurskoðaður í maí og viðauki við hann undirritaður í október.

Þjónustusamningur við Rekstrarfélag Sarps

Landskerfi bókasafna og Rekstrarfélag Sarps gerðu þjónustusamning til tveggja ára 1. sept. 2013. Landskerfið tók að sér umsjón með daglegum rekstri Rekstrarfélagsins og fagstjóri Sarps, hefur aðstöðu í húsnæðni Landskerfis. Þróaðar voru viðbætur við skráningarkerfi og vefviðmót Sarps auk þess sem efni úr Sarpi var gert aðgengilegt í Leitir um mitt ár 2014. Í Sarpi eru varðveittar upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti og örnefnalýsingar ásamt öðru efni. Rekstrarfélag Sarps er í eigu um 50 safna og stofnana í eigu ríkis og sveitarfélaga s.s. Þjóðminjasafns, byggðasafna og annarra safna og stofnana. Félagið á og rekur gagnasafnið Sarp.

ALEFLI

Aleflí er samstarfsvettvangur þeirra safna sem njóta þjónustu Landskerfis bókasafna. Starfsemin byggist á skiptingu í safnategundir. Safnategundir velja fulltrúa í fulltrúaráð, sem síðan kysir stjórn. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í fulltrúaráði Aleflis fyrir hönd safnsins.

Notendaráðstefna Aleflis

Notendaráðstefna Aleflis 2014 var haldin í Þjóðar-bókhöðunni 9. maí. Sigrún Hauksdóttir fjallaði um 22. útgáfu Gegnis, Sveinbjörg Sveinsdóttir sagði frá verkefnum um tölfræði í Gegni og tengdum kerfum og Telma Rós Sigfúsdóttir og Sigrún Hauksdóttir sögðu frá tillögum rafgagnahóps, en þær eru allar frá Landskerfi bókasafna. Þóra Sigurbjörnsdóttir frá Borgar-bókasafni sagði frá RDA skráningarreglunum og Ragna Steinarsdóttir Lbs-Hbs sagði frá ISNI staðlinum. Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir sagði að lokum frá hvernig *leitir.is* er notað í kennslu og heimildaleit í Háskólanum í Reykjavík.

SAMLAG UM ÁSKRIFT AÐ VEF-DEWEY

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að Web-Dewey, sem er vefútgáfa Dewey flokkunarkerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Nú eru fimmtán söfn í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslu kerfisins, þannig að áskriftin

er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs gerðist aðili að Evrópusamtökum Dewey-notenda EDUG (European Dewey User Group).

UPPLÝSING – FÉLAG BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐA

Nokkrir starfsmenn safnsins gegna stöðum fyrir Upplýsingu. Rósa Bjarnadóttir er í stjórn og Hrafn H. Malmquist er í varastjórn. Sigurgeir Finnsson er í höfundaréttarhópi Upplýsingar, Magný Rós Sigurðardóttir er í fræðslu- og skemmtinefnd og Anna María Sverrisdóttir er ritstjóri *Bókasafnsins* og Erlendur Már Antonsson í ritnefnd.

Bókasafnið

Tímaritið *Bókasafnið* kom út í júní. Í því voru fjórar ritrýndar greinar og þar af ein eftir Helgu Kristínu Gunnarsdóttur frá Lbs-Hbs. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir gerði grein fyrir nýrri stefnu safnsins 2013-2017, Hrafn H. Malmquist skrifaði um hráefni þekkingarhagkerfisins og Erlendur Már Antonsson birti viðtal við Stefáníu Júlíusdóttur sem lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands í bókasafns- og upplýsingafræði á síðasta ári.

Bókasafnsdagurinn

Haldið var upp á Bókasafnsdaginn þann 8. september. Tilgangurinn er að vekja athygli á starfsemi bókasafna og að starfsfólkið geri sér glaðan dag. Í Lbs-Hbs var gestum boðið upp á bókahlaðborð og sýndar voru myndirnar *Landsbókasafn 150 ára* og *Bygging Þjóðarbókhöðunnar* í fyrirlesttrasal. Þá var landsbókavörður gestur Sigurlaugar Margrétar Jónasdóttur í þættinum *Segðu mér á RÚV*.

Landsfundur Upplýsingar

Fjölmennur Landsfundur Upplýsingar var haldinn í Háskólanum á Akureyri 2.-3. október. Meginþemað var stafræna byltingin og var fjallað um hana frá ýmsum sjónarhornum s.s. siðfræði, rafbókavæðingu og útlánum, stafrænni endurgerð, þjónustu við notendur, samfélagsmiðlum o.fl. Fyrirlesarar voru bæði erlendir og innlendir og sumir í gegnum fjarfundabúnað. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður fjallaði um skýrslu sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út um framtíð íslenskrar bókaútgáfu í byrjun árs 2014 og Ragna Steinarsdóttir fjallaði um námið í bókasafns- og upplýsingafræði og starfið og þær breytingar og áskoranir sem framundan eru. Þá var dreift drögum að innleiðingarátætlun fyrir RDA skráningarreglurnar. Þátttakendur voru um 160 og þar af voru átta frá safninu.

NÁMSBRAUT Í UPPLÝSINGAFRÆÐI

Námi í bókasafns- og upplýsingafræði var breytt á árinu og fært á meistarastig. Nafni námsbrautarinnar var breytt í upplýsingafræði. Erlendur Már Antonsson kenndi flokkun á vorönn og Ragna Steinarsdóttir og Hallfríður Kristjánsdóttir kenndu bókfræðilega skráningu og lýsigögn á haustönn.

LANDSNEFND UM MINNI HEIMSINS

Árið 2012 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra landsnefnd um Minni heimsins til þriggja ára. Nefndin hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og auka skilning á margvíslegum verðmætum sem felast í andlegum menningararfi heimsins. Nefndin skal velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og síðar senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Unnið var að frágangi á ýmsu kynningarefni á árinu og gerð vefsíðu. Formaður nefndarinnar er Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar og aðrir í nefndinni eru Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Bjarki Sveinbjörnsson forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands.

FRAMTÍÐ ÍSLENSKRAR BÓKAÚTGÁFU

Mennta- og menningarmálaráðuneytið birti í upphafi árs skýrslu samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu. Starf nefndarinnar byggir á lögum um bókmenntir nr. 91/2007 en meðal tillagna í skýrslunni er að almenningi verði veittur ókeypis aðgangur að prentarfi Íslendinga í gegnum vefgáttina *bækur.is*. Unnið var að málinu á árinu og m.a. teknar saman upplýsingar um magn efnis.

SJÓNARHORN Í SAFNAHÚSINU

Árið 2012 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið verkefnisstjórn fyrir grunnsýningu um íslenska lista- og menningarsögu í Þjóðmenningarhúsinu. Húsið var flutt undir forræði Þjóðminjasafnsins 1. júní 2013 og verður sýningin sett upp undir forystu þess. Jafnframt var ákveðið að breyta nafninu aftur í Safnahúsið. Áfram var unnið að undirbúningi sýningarinnar á árinu, en meginþungi vinnunnar sneri að endurbótum á húsnæðinu. Gert er ráð fyrir að sýningin, sem hefur fengið nafnið *Sjónarhorn*, opni 2015. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson, en með honum starfar sýningarstjórn með fulltrúum frá öllum sófnunum. Formaður verkefnisstjórnar meginhluta ársins var Anna Guðný Ásgeirsdóttir settur þjóðminjavörður og aðrir í nefndinni voru Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, Halldór Björn

Runólfsson forstöðumaður Listasafns Íslands, Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúrminjasafns Íslands, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður. Fulltrúi safnsins í sýningarstjórn var Ólafur J. Engilbertsson, en margir starfsmenn komu að undirbúningi.

HANDBÓK UM VARÐVEISLU SAFNKOSTS

Lbs-Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts* ásamt Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands. Bókin er eingöngu gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafnsins. Smám saman verður nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð öllum sem starfa við varðveislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í þessu samstarfi af hálfu Lbs-Hbs en ritstjóri er Nathalie Jacqueminet fagstjóri forvörslu á Þjóðminjasafni Íslands.

BÓKASAFNARÁÐ

Bókasafnaráði var komið á fót með bókasafnalögum nr. 150/2012. Það kom saman 12. september í Þjóðarbókhöfðunni og sendi í kjölfarið frá sér ályktun, þar sem fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á bækur úr 7% í 12% var mótmælt. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn og skal vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfraðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, veita umsagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð og sinna öðrum verkefnum skv. nánari ákvörðun ráðherra. Í fjárlagafrumvarpi 2014 er ekki gert ráð fyrir framlagi til bókasafnasjóðs. Formaður ráðsins er Páll Valsson en aðrir fulltrúar eru Hrafn A. Harðarson, Siggerður Ólóf Sigurðardóttir, Sigrún Blöndal og Viggó Gíslason. Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns sitja einnig fundi ráðsins.

WIKIMEDIA - WIKIPEDIA

Á árinu var samstarf við aðstandendur íslensku Wikipediunnar, en haldnir voru fundir á fimmtudagskvöldum í tölvuveri safnsins, þar sem áhugasömum var leiðbeint um vinnslu efnis á síðuna.

LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Gagnabanki Leikminjasafns Íslands var endurskoðaður á árinu, en verkefnið var lokaverkefni þriggja tölvunarfræðinema við Háskólann í Reykjavík. Lbs-Hbs lagði þeim til húsnæði í kennslustofu á 4. hæð á vorönn, auk þess sem starfsmenn safnsins lögðu til sérfræðiþekkingu.



Viðtal við Sigurjón Þorbergsson í Letri á vegum sjónvarpsþáttarins Kiljunnar í febrúar.

ERLENT SAMSTARF

Safnið tekur þátt í margskonar erlendu samstarfi og verkefnum. Mikið af því breytist lítið á milli ára, en helstu fréttur eru:

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir, auk yfirmanns Stadsbiblioteket í Árósum, hittast reglulega og hafa með sér óformlegt samráð. Tveir fundir voru haldnir, sá fyrri í Mikkeli í Finnlandi dagana 14.-15. apríl, en þar er finnska þjóðbókasafnið með starfsstöð fyrir stafræna endurgerð, forvörslu og viðgerðir. Starfsemin var kynnt á fundinum m.a. þróun ýmis konar þjónustu sem byggist á stafræna efninu og lýsigögnum. Mikil áhersla er á leitarheimtur og framsetningu, lausnum fyrir snjalltæki, langtíma-varðveislu, opin gögn og tengd opin gögn. Þar er einnig rannsóknastaða um stafræn hugvísindi (digital humanities).

Seinni fundurinn var haldinn í Kungliga Biblioteket í Stokkhólmi 11.-12. nóvember. Þá voru kynnt ýmis áhugaverð verkefni sem unnið er að í KB s.s. stafræn endurgerð dagblaða, þróun Libris þjónustunnar og stefnumótun fyrir bókasöfn í Svíþjóð,

(Nationell biblioteksstrategi), sem KB hefur umsjón með. Rætt var um stafræna endurgerð og opin gögn og útgáfu tímaritsins *Scandinavian Libraries*.

CENL – CONFERENCE OF EUROPEAN NATIONAL LIBRARIANS

Árlegur fundur CENL (Conference of European National Librarians) var haldinn Russian State Library í Moskvu 25.-27. maí. Á fundinum, sem jafnframt er aðalfundur samtakanna, var fjallað um starfsemi og framhald The European Library - TEL og hvernig unnt sé að gera TEL að sjálfstæðri einingu. Vinnuhópur skilaði á síðasta ári tillögum um rekstur og stjórnun verkefnisins og voru þær til umræðu og ýmsar breytingar gerðar. Ennfremur voru samstarfssamningar vegna verkefnisins endurskoðaðir.

EVROPUVERKEFNI

Safnið tók þátt í nokkrum verkefnum sem rekin eru á vegum eða í tengslum við CENL eða falla undir COST áætlun Evrópusambandsins (European Co-operation in Science and Technology).

Evrópubókasafnið - TEL

Safnið er fullgildur aðili að Evrópubókasafninu (The European Library - TEL) síðan 2007 en CENL rekur verkefnið. Evrópubókasafnið býður upp á samleit á vefnum theeuropeanlibrary.org í gögnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum og nokkrum stórum evrópskum rannsókn- og háskólabókasöfnum. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og síðan Europeana. Áfram var unnið að breytingum á skipulagi og stjórnerfi TEL og Europeana á árinu í því skyni að gera reksturinn sjálfbæran, en verkefnin hafa að mestu verið rekin af styrkjum frá Evrópusambandinu og framlögum frá þjóðbókasöfnunum. Ætlunin var að TEL yrði sjálfstæð eining sem veitti bókasöfnum þjónustu gegn gjaldi og tæki þátt í þróunarverkefnum og safnaði saman lýsigögnum frá þjóðbókasöfnum og fleiri bókasöfnum og miðlaði áfram til Europeana. Skv. samningi við TEL voru lýsigögn íslensku þjóðbókaskrárinna í Gegni gefin frjálts með notkunar-skilmálunum Creative Commons Zero (CC0) og gerðist Landskerfi bókasafna aðili að samningnum. Í lok árs varð ljóst að verkefni gekk ekki upp og mun Europeana taka yfir reksturinn á næstu árum.

Europeana

Europeana, sem er fjölmenningargátt á vefnum europeana.eu, veitir aðgang að fjölbreyttu stafrænu efni evrópskra bókasafna, skjalasafna og minjasafna. Gáttin var opnuð 2009 og hluti hennar hefur verið þýddur á 29 tungumál, þ.á.m. á íslensku. Þýðingin var unnin í Lbs-Hbs. Rekstri Europeana er stýrt af Europeana Foundation. Um 1500 stofnanir í Evrópu eiga efni í Europeana og er Europeana Network n.k. notendafélag eða samstarfsvettvangur þeirra, auk þess að eiga fulltrúa í stjórn Europeana Foundation. Safnið er aðili að samstarfsnetinu. Europeana hefur opnað til frjálsra afnota lýsigögn fyrir meira en 20 milljónir stafrænna eininga úr menningargeiranum. Lýsigögnin eru aðallega aðgengileg undir Creative Commons Zero (CC0) leyfinu, en þá má nota þau í hvaða tilgangi sem er og án nokkurra hindrana. Tengiliður safnsins við Europeana er Kristinn Sigurðsson.

Europeana Newspapers

Verkefninu *Europeana Newspapers* lauk í árslok en Lbs-Hbs hefur átt auka aðild (associated partner) að því í tvö ár, í samvinnu við Staatsbibliothek zu Berlin. Safnað var upplýsingunum um stafræna endurgerð dagblaða og tímarita og miðlun þeirra, nýjasta tölvutækni var nýtt til að bæta leitir í ljóslesnum texta, þróaðar aðferðir við að efnisgreina innihald og nota nýjustu tækni við birtingu. Unnið var að því bera kennsl á manna- og staðarnöfn í texta, afmarka greinar og texta og bæta stöðlun á

lýsigögnum. Aðkoma safnsins fólst í vinnustofum og fundum, auk þess sem timarit.is var þróað áfram. Tengiliður var Örn Hrafnkelsson.

Medievo Europeo COST

Verkefninu *Medievo Europeo - Medieval Cultures and Technological Resources* lauk á árinu en það var eitt af COST verkefnum Evrópusambandsins. Þátttaka safnsins byggðist á samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árna-safn í Kaupmannahöfn. Tilgangurinn var að byggja upp samstarfsnet evrópskra safna og stofnana sem varðveita handrit og skjöl fyrri alda. Safnið sendi upplýsingar um sín verkefni í sameiginlegan gagnagrunn. Tengiliður safnsins var Örn Hrafnkelsson.

Republic of Letters 1500-1800 COST

Í árslok var ákveðið að safnið myndi taka þátt í samstarfsnetinu *Republic of Letters 1500-1800* sem einnig er innan COST áætlunar Evrópusambandsins. Íslenskur samstarfsaðili er Hugvísindasvið HÍ en Rannís tilnefnir fulltrúa í stjórn verkefnisins. Markmið verkefnisins er að safna og greina upplýsingar um bréfaskipti vísinda- og fræðimanna í Evrópu á tímabilinu 1500-1800, koma á þverfaglegu samstarfi og koma afurðum þess á framfæri við almenning. Tæknilegt markmið er þróun staðals um skráningu, lýsingu og birtingu bréfa frá þessu tímabili. Tengiliður safnsins verður Bragi Þ. Ólafsson og Már Jónsson verður tengiliður HÍ.

IFLA-ÞING Í LYON

80. IFLA-þingið var haldið í Lyon í Frakklandi dagana 16.-22. ágúst undir yfirskriftinni *Libraries, Citizens, Societies: Confluence for Knowledge*. Á þinginu var samþykkt s.k. Lyon yfirlýsing um aðgang að upplýsingum og þróun. Tilefnið er að nú er unnið að nýjum þróunarmarkmiðum fyrir Sameinuðu þjóðirnar og með Lyon yfirlýsingunni reynir IFLA að hafa áhrif á stefnumótunina. Aðgangur að upplýsingum skipti öllu máli fyrir fólk til þess að það hafi áhrif á að umhverfi þess þróist með sjálfbærum hætti. Tveir starfsmenn safnsins sótti þingið, Anna María Sverrisdóttir og Rósa Bjarnadóttir, en alls tóku 14 Íslendingar þátt. Anna María skrifaði grein um þingið í *Bókasafnið*.

CDNL – CONFERENCE OF DIRECTORS OF NATIONAL LIBRARIES

Árlegur fundur alþjóðasamtaka landsbókavarda var haldinn í tengslum við við þing IFLA. Meðal umræðuefna var stafræn endurgerð og aðgangur að efni þjóðbókasafna, aðgangur að efni í höfundarétti, varðveisla menningararfs þegar ógn steðjar að og samvinna um varðveislu stafræns efnis.

IIPC – INTERNATIONAL INTERNET PRESERVATION CONSORTIUM

Lbs-Hbs er þáttakandi í IIPC en samtökin hafa það markmið að skilgreina hvað þarf til að varðveita vefsíður einstakra landa þannig að vitrænt og menningarlegt innihald Netsins fari ekki förgörðum. Kristinn Sigurðsson situr í stjórn samtakanna af hálfu safnsins. Jafnframt tekur safnið þátt í starfi vinnuhóps um söfnun vefsíðna (Harvesting Working Group). Nú eru um 40 söfn aðilar að samtökunum. Ákveðið var að þing samtakanna (General Assembly) verði haldið á Íslandi 2016.

STORIES FOR ALL TIME: THE ICELANDIC FORNALDARSÖGUR

Verkefninu *Stories for all time: The Icelandic fornaldarsögur* á vegum Árnasafns í Kaupmannahöfn lauk á árinu. Tilgangur þess var að stuðla að ítarlegri skráningu, lýsingu og myndun á handritum er hafa að geyma íslenskar fornaldarsögur, og sem varðveitt eru í safninu. Hlutur safnsins fólst í að undirbúa 94 handrit til myndunar og skráningar og miðla þeim á vefnum *handrit.is*.

EDUG – SAMTÖK DEWEY-NOTENDA

Ársfundur og árlega ráðstefna EDUG – Evrópu-samtaka Dewey-notenda (European Dewey User Group) var haldinn í safninu 22.-23. maí, en sam-

tökin hafa starfað frá 2007. Ráðstefnan var haldin í samstarfi Lbs-Hbs og bókasafns Menntaskólans við Sund, en Þórdís T. Þórarinsdóttir bókasafnsfræðingur þar hefur tekið þátt í starfi EDUG undanfarin ár. Samtökin gæta hagsmuna evrópskra safna gagnvart Dewey kerfinu og vinna að þýðingum á því. Þórdís og Ragna Steinarsdóttir fluttu erindi á ráðstefnunni og sögðu frá íslenskum aðstæðum, en einnig var fjallað um stöðu mála í Svíþjóð og Austurríki, tengd opin gögn og nýjungar í vef-Dewey. Lbs-Hbs er nú aðili að samtökunum. Tengiliður Lbs-Hbs við EDUG er Rósfríður Sigvaldadóttir.

ENUMERATE

Síðla árs 2013 hóf safnið þáttöku í Enumerate verkefninu sem er hluti af CIP rammaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem miðar að því að örva nýsköpun og samkeppnisfærni með því að auka notkun upplýsingatækni og nýta hana á sem hagkvæmasta hátt. Verkefnið hófst 2011, en safnað er saman stöðluðum upplýsingum um stafræna endurgerð og stafrænan safnkost evrópskra menningarstofnana til að fylgjast með þróuninni og og hvar þurfi að grípa inn í. TEL - The European Library hefur tekið þátt í þróun verkefnisins. Fyrsta íslenska könnunin var send út í lok árs 2013 og unnið var úr niðurstöðum á árinu. Tengiliður er Hrafn H. Malmquist.

SAMNINGAR

09.01.2014	TEL Partnership Agreement regarding The European Library.
15.02.2014	Kaupleigusamningur vegna Qidenus stafrænnar myndavélar.
10.02.2014	Samningur við Kvenréttindafélag Íslands um stafræna endurgerð 19. júní.
13.02.2014	Samningur við Samtök hernaðarandstæðinga um stafræna endurgerð tímarita um baráttu gegn herstöðvum frá árunum 1960-1978 og afhendingu <i>Dagfara</i> á PDF-formi.
15.02.2014	Samningur við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja um stafræna endurgerð <i>Bankablaðsins</i> , <i>SÍB-blaðsins</i> , <i>SSF-blaðsins</i> og <i>Sambandstíðinda</i> og afhendingu <i>SSF-blaðsins</i> á PDF formi.
20.02.2014	Viljayfirlýsing vegna þátttöku í COST verkefninu <i>Reassembling the Republic of Letters 1500-1800</i> .
07.03.2014	Samningur við Springshare LLC Software um áskrift að LibGuides vegna <i>Áttavítans</i> .
15.03.2014	Samningur Kraft um stafræna endur tímaritsins <i>Kraftur</i> og afhendingu á PDF formi.
19.03.2014	Samgöngusamningur við Strætó bs um útgáfu samgöngukorta fyrir starfsmenn.
02.04.2014	Samstarfssamningur við Ljóðvegi um kynningu á efni tengt Snorra Hjartarsyni rithöfund.
11.04.2014	Samningur við framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna um sýningu, málþing og vefsíðu vegna afmælisins, auk skrár yfir gögn sem fjalla um kosningarétt kvenna.
05.05.2014	TEL Partnership Agreement regarding The European Library (endurskoðun).
05.05.2014	Samningur við Læknafélag Íslands um stafræna endurgerð <i>Læknablaðsins</i> .
16.05.2014	Samningur við Fótspor ehf um stafræna endurgerð <i>Akureyri vikublað</i> , <i>Reykjavík vikublað</i> , <i>Kópavogur</i> , <i>Reykjanesblaðið</i> , <i>Hafnarfjörður</i> , <i>Garðabær</i> , <i>Álftanes</i> , <i>Selfossblaðið</i> , <i>Vesturlandsblaðið</i> , <i>Austurland</i> og <i>Vestfirðir</i> og afhendingu á PDF formi.
13.08.2014	Samningur við Hagstofu Íslands um stafræna endurgerð <i>Hagtiðinda</i> og <i>Þjóðhagsreikninga-skýrslna</i> og afhendingu <i>Hagtiðinda</i> á PDF-formi.
22.08.2014	Samstarfssamningur við Miðstöð íslenskra bókmennta.
01.10.2014	Appendix to TEL Partnership Agreement regarding The European Library (viðauki).
02.10.2014	Ráðgjafi að láni : samningur við fræðslusetrið Starfsmennt um þarfagreiningu vegna fræðslu og gerð símenntunaráætlunar.
06.11.2014	Samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga um stafræna endurgerð <i>Sveitarstjórnarmála</i> .
04.12.2014	Kaupleigusamningur við Opin kerfi vegna netþjóna, stækkunar á 3Par diskastæðunum, diskum, diskahillum og leyfi fyrir HP 3PAR þjónustur.


Samgöngusamningar voru kynntir á starfsmannafundi 25. mars. 17 starfsmenn nýttu sér samningana á árinu.

Samningar vegna Landsaðgangs:

22.12.2014 Samningur við Springer 2013-2015.

Samningar vegna EBSCOhost Premier, ProQuest Central, SAGE Premier, SpringerLink og Morgunblaðsins voru framlengdir til eins árs vegna 2014.

SKIPURIT



Skipurit 1. apríl 2012.



Starfsfólk safnsins á degi bleiku slaufunnar í október.

REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, auk samninga um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 13 á sviðinu en ársverk voru 12.25. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

FJÁRMÁL – SKRIFSTOFHALD

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2014 liggur fyrir og eru helstu tölur úr honum birtar í árstölum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá bls. 48). Niðurstaðan er 20.6 millj. kr. afgangur, en gert var ráð fyrir 10 millj. kr. halla í rekstrar-áætlun. Afkoman er mun betri en reiknað var með og er það helst að þakka mun hagstæðara gengi sérstaklega á fyrri hluta árs og auknum sértekjum.

Skjalastjórn

Nú hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net skjalastjórnarkerfinu. Það er hýst hjá kerfisveitu Hugvits og er í útgáfu 2.7. Alls voru stofnuð 266 (200) mál í GoPro árið 2014. Þá var einnig unnið að frágangi eldri skjala í geymslu og skráningu í File Maker gagnagrunna. Málaskráin var tilkynnt til þjóðskjalasafns Íslands 2013, sem úrskurðaði að mynda skuli vörsluútgáfu fyrir tímabilið 2007-2011 og skila til ÞÍ árið 2014. Þróun skilalausna hefur tafist og því var óskað eftir fresti á skilum á árinu.

HÚSSTJÓRN

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur þjóðarþóðunna hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Hússtjórn hefur umsjón með ljósritunarvélum og prenturum ásamt ljósritun fyrir gesti og starfsmenn.

Framkvæmdir

Minni framkvæmdir voru á árinu en fyrirhugað hafði verið. Gert var við glugga í stigagangi 2. Rúllutjald við anddyri var tekið niður og lagað og hliðarbrautir og loft málað. Ljósastaurar umhverfis síkið voru málaðir. Áfram voru gerðar tilraunir með málningarprufur sem settar voru á skildi hússins 2012. Sérfræðingar frá Málningu hf tóku prufur og skoðuðu viðloðun við undirefnið. Talið var að sú aðferð sem notuð var væri ekki fullnægjandi og að betra væri að heilgrunna alla fleti, sem ekki var gert í fyrstu. Ákveðið var að bíða fram á 2015 til að

skoða hvernig viðloðunin reynist, þá væri komin lengri reynsla á verkið. Fyrir lá verðtilboð frá múr- og málningarþjónustunni Höfn h.f. og stefnt er að því að mála skildina á vormánuðum 2015. Pantaðar voru rúður í þak forhýsis, en móða var komin í nokkrar rúður. Verkinu var frestað til næsta sumars vegna slæms veðurs.

Þrif

Þriffin voru með sama hætti og undanfarin ár. Teppi voru þriffin í maí-júní og milligler þrifið í nóvember. Veggskildir og rúðugler að utan var þrifið í júní.

Ýmislegt

Að venju var farið yfir öryggiskerfi hússins á fyrsta vinnudegi ársins. Kælskápur í tölvuherbergi kjallara var endurnýjaður, drenlagn frá skápunum var lögð og tengd við affallslagn í tækjasal loftræsikerfa. Skipt var um rafhlöður í aðgangs og öryggisskápum. Einnig var skipt um rafhlöður í öllum neyðarlýsingum. Í febrúar var skipt um pokasiur í loftræsikerfum og á haustmánuðum var skipt um raka-skiljur. Ný sorpkvörn var sett í vask í mótuneyti og loftútsogsstokkar frá eldhúsi voru þriffinir. Tappar undir stólum í veitingastofu voru endurnýjaðir. Settar voru upp hillur með glerhurðum í forsal Íslandssafns. Ýmsar breytingar voru gerðar á starfsstöðvum á skráningagangi. Uppsetning á IP eftirlitsmyndavélum hófst, og er búið að setja upp 6 vélar, auk þess sem keypt var forrit fyrir kerfið. Breyting var gerð á handbókarými á 2. hæð. Borð voru færð á milli hæða og keyptir voru 60 stólar frá Sýrusson ehf. fyrir rýmið. Við það losnaði um stóla sem nýtast annarsstaðar.

Varaeintakasafn í Reykholti

Óbreytt ástand er á umhirðu húsakosts. Rekstur og umhirða hefur gengið vel, en enn er mikil þörf á að húsið fái eðlilegt viðhald. Þak er lekt og kápa hússins orðin mjög sprungin. Sýnilegar raka-skemmdir eru í bókaeymslu efri hæðar. Útihurð í stigagangi heldur ekki vatni né vindi. Unnið var að því að Fasteignir ríkissjóðs tækju við rekstri fasteigna í Reykholti. Samningur við Snorrastofu um umsjón með húsakosti rann út um áramót, en samið var um að hann gildi áfram, þar til nýr samningur við Fasteignir ríkissjóðs tekur gildi.

Lóð

Garðlist sá um lóðarhirðu eins og undanfarin ár. Gert var við stétt við innkeyrslu að vörumóttöku. Stéttin var orðin sigrin vegna álags undan bifreiðum. Ristar og renna voru endurnýjuð og hellur lagaðar. Átak var gert í að hreinsa gróður á stéttum umhverfis húsið. Byrjað var framan við aðalinngang, hellur háþrýstipvegnar og gróður fjarlægður.




Geymslusafn í Mjódd

Venjubundin umhirða var við geymslu í Mjódd.

STARFSMANNAPJÓNUSTA

Starfsmannapjónusta heldur utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki. Í árslok störfuðu 80 starfsmenn hjá Lbs-Hbs í 70.43 ársverkum. Sjö hættu störfum hjá safninu á árinu, þar af 5 vegna tímabundinna ráðninga. Þrjú störf voru auglýst laus til umsóknar. Átta starfsmenn hófu störf á safninu á árinu 2014, þar af 4 námsmenn á tímabundnum samningum. Eiginleg starfsmannavelta árið 2014 var 2.5%.

Á árinu fékk safnið styrk frá Vinnumálastofnun vegna tveggja sumarstarfa, samtals 4 mánuði. Þá komu þrír sjálfbóðaliðar til starfa í samtals 8 mánuði. Anna Amandorla frá Ítalíu vann við forvörslu, Samantha Hutter frá Sviss og Wolfgang Hesse frá Þýskalandi sinntu ýmsum störfum á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar.



Jafnréttissjónarmiða er gætt í starfi safnsins. Áhugi er fyrir að jafna hlutfalli kvenna og karla meðal starfsfólks.

Önnur verkefni

Á árinu tók safnið þátt í tilraunaverkefni um innleiðingu Jafnlaunastaðals ÍST85:2012 á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Jafnréttisstefna safnsins var endurskoðuð og jafnlaunastefna samþykkt. Jafnréttissjónarmið eru samþætt allri starfsemi, s.s. við stefnumótun og áætlanagerð, skipulag þjónustu og miðlun safnefnis og snýr stefnan því ekki eingöngu að starfsfólki. Verkefnið heldur áfram á árinu 2015. Þremur verkefnum úr stefnumótun safnsins 2013-2017 lauk á árinu:

1. Í febrúar kom iðjuþjálfari frá Heilsuvernd til að gera úttekt á starfsstöðvum, meta vinnuaðstöðu starfsmanna og veita persónulega ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi líkamsbeitingu og vinnuskipulag. Iðjuþjálfinn hélt erindi í fyrirlestrasal og heim sótti síðan allar starfsstöðvar. Í kjölfarið voru gerðar umbætur á starfsstöðvum skv. tillögum hans.

2. Framkvæmdaráð samþykkti samgöngustefnu og á árinu undirrituðu 17 starfsmenn samgöngusamning við safnið en með honum getur starfsfólk fengið árskort í strætó á hagstæðari kjörum eða peningastyrk.

3. Á haustmánuðum var undirritaður samstarfs-samningur við fræðslusetrið Starfsmennt um þarfagreiningu vegna fræðslu og gerð námsáætlunar fyrir safnið. Verkefnið var styrkt af Starfsmennt og Starfsþróunarsetri háskólamanna. Tveir ráðgjafar, þær Bergþóra Guðjónsdóttir og Marta Gall Jörgensdóttir frá Starfsmennt, komu til starfa í safninu og fjórir rýnihópar unnu með þeim til að meta fræðsluþarfir hvers sviðs. Ráðgjafar skiluðu fræðsluáætlun til 2-3 ára og námskeið hefst á vormisseri 2015.

TÖLVUREKSTUR

Hlutverk tölvureksturs er að sjá um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi þess. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og netkerfum safnsins (Bókhlaða / Reykholt / HýsingVerneGlobal) og að þau virki sem skyldi. Fylgst er með nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta öryggis sé alltaf gætt.

Helstu verkefni

Rekstur og umsjón netþjóna, gagnageymsla, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og sýndarumhverfis), aðgangsstýringar og notendastjórnun, afritunarlausnir og gagnaöryggi, eftirlit með vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á hverskonar búnaði, uppfærslur á hugbúnaði og stýrikerfum, rekstur IP símkerfa, uppsetning og rekstur á öryggismyndavélakerfi.

Uppfærslur og viðbætur

Settir voru upp 9 netþjónar þar af 8 sýndarþjónar sem sinna hinum ýmsum þjónustum. Þjónarnir

keyra ýmist Windows Server 2012 R2 eða Redhat Linux Enterprise 6.5 stýrikerfin. Á sama tíma voru 4 vélbúnaðar- og 2 sýndarþjónar teknir úr notkun.

Keypt var nýtt afritunarkerfi, EMC Datadomain lausn frá Advania. Einnig var hugbúnaður sem stjórnar afritunartöku uppfærður í útgáfu Backup Exec vRay sem hönnuð er til að taka öryggisafritun í sýndarumhverfi.

Gagnageymslulausnin frá HP, sem tekin var í notkun 2013, var innleidd í samstarfi við Opin Kerfi. Vegna mikils gagnamagns tók innleiðingin mun lengri tíma en reiknað var með. Fljótlega varð þörf fyrir meira diskarými og stækka þurfti lausnina um 10TB til viðbótar. Hluti af eldri diskastæðum er nú nýttur í öðrum verkefnum.

Ný kerfi vegna öryggismyndavéla og aðgangsstýringa voru tekin í notkun og sá tölvurekstur um innleiðingu og uppsetningu þeirra í samráði við birgja. Aðgangsstýringar keyra nú miðlægt í sýndarumhverfi safnsins. Netbúnaður, þar á meðal eldveggur og öryggissía (Websense) voru uppfærð í nýjustu útgáfu.

Daglegur rekstur útstöðva var fyrirferðamikill á árinu, en helstu vandamál snéru að prentun nemenda við HÍ. Verkbeiðnir urðu 609 talsins og fækkar þeim nokkuð á milli ára.

Lykiltölur

150TB	heildarmagn á diskastæðum
59	netþjónar - 35 windows, 24 linux / 26 sýndarþjónar (virtual)
100	tölvur starfsmanna
49	tölvur gesta og nemenda
15	tölvur kiosk þjónustur
16	prentarar og ljósritunarvélar, gestir og starfsfólk
5	netaðgangs- og öryggisbúnaður
360	ip-tölvur skráðar í uppflettiskrá.

Annar búnaður eingöngu á innra neti:

90	ip-símtæki
10	öryggismyndavélar
12	netbeinar (switch)

UPPLÝSINGATÆKNI OG VEF-STJÓRN

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefnin eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. þjóðbókasöfn Norðurlanda. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu. Sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum. Skil á tölfræði yfir notkun á vefjum

safnsins voru endurskoðuð vegna þess fjölda af vefjum sem safnið heldur úti.

[Landsbókasafn.is](#)

Upplýsingatæknihópur hélt áfram að bæta aðalvef safnsins með hliðsjón af niðurstöðu könnunarinnar *Hvað er spunnið í opinbera vefi* sem gerð var árið 2013.

[Vefir fyrir stafrænar endurgerðir](#)

Undanfarin ár hefur safnið byggt upp vefi fyrir stafrænar endurgerðir, eins og *timarit.is*, *bækur.is*, *handrit.is* og *islandskort.is*. Rekstur allra þessara vefja var með eðlilegum hætti 2014 og engar stórar breytingar gerðar á þeim. Eins og undanfarin ár þá var *timarit.is* langvinsælasti vefur safnsins.

[Vefsöfnun](#)

Framkvæmd vefsafnanna gekk eðlilega á árinu, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Um 50 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust að meðaltali um 99 milljónir skjala í hverri söfnun. Um er að ræða hóflega aukningu frá 2013. Vikulegum söfnunum á sérvöldum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Það voru vefir sem valdir voru af starfsmönnum skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða vefi með efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Mikil vöxtur varð í gagnamagni vegna þessara safnana og endurskoða þarf fyrirkomulag þeirra. Einnig var gerð ein atburðasöfnun tengd sveitarstjórnarkosningum 2014. Söfnunin tókst vel en söfnunarlotur voru alls átta. Starfsmenn skylduskila leituðu að þeim vefjum sem fjölluðu um kosningarnar og var þeim síðan safnað reglulega. Haldið var áfram með tilraunasafnanir á

nokkrum fréttvefjum þar sem stuðst var við RSS fréttastauma þeirra, en það opnar fyrir mun tíðari safnanir. Þetta hefur gefið mjög góða raun og munu þessar safnanir fara í reglulegan rekstur snemma árs 2015 og leysa þá vikulegar safnanir af hólmi fyrir suma vefi.

[Alþjóðleg samvinna tengd vefsöfnun](#)

Lbs-Hbs hefur um árabíl tekið virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu tengdri vefsöfnun, m.a. í gegnum IIPC (International Internet Preservation Consortium) samstarfið. Á liðnu ári samþykkti IIPC að aðalfundur samtakanna árið 2016 verði haldinn í Reykjavík. Þá hefur upplýsingatæknihópur unnið að ýmsum verkefnum tengdum helstu tólum sem notuð eru við vefsöfnun. Má þar nefna endurskoðun á því hvernig vefsöfnunartólið, Heritrix, vinsar út óbreytt skjöl (de-duplication) og lagfæringar á OpenWayback Machine sem veitir aðgang að efninu.

[Skemman.is](#)

Skemman.is er sameiginlegt varðveislusafn íslenskra háskóla fyrir námsritgerðir og rannsóknarrit. Rekstur Skemmunar var með eðlilegum hætti árið 2014 og voru engar stórar breytingar gerðar á vefnum.

[Rafhlaðan.is](#)

Rafhlaðan.is er rafrænt varðveislusafn Lbs-Hbs. Þar eru einkum varðveitt skylduskilaefni sem gefið er út á PDF formi. Þar má nefna skýrslur og greinargerðir stofnana, ráðuneyta og fyrirtækja. Rekstur Rafhlaðunnar var með eðlilegum hætti árið 2014 og voru engar stórar breytingar gerðar á vefnum.

Hljóðsafn

Hljóðsafnið *hljodsafn.landsbokasafn.is* var opnað 1. desember og hefur að geyma stafrænt hljóðefni sem Lbs-Hbs varðveitir. Sem stendur er efni frá Miðstöð munnlegrar sögu og tónlist úr Tón- og myndsafni aðgengilegt. Lítil hluti efnisins er þó aðgengilegur öllum yfir internetið vegna höfundaréttar. Almennigur getur nálgast allt efnið á 4.h. þjóðarþóðhlöðunnar. Hljóðsafnið var alfarið þróað af upplýsingatæknihóp.

Bókaskrá 1534-1844

Bókaskrá yfir rit gefin út á Íslandi frá 1534 til 1844 *bokaskra.landsbokasafn.is* var opnuð 1. desember. Efnið var komið í tölvuvinnanlegt form og upplýsingatæknihópur þjó til vef utan um skrána. Þar með er mögulegt að raða gögnunum eftir staðsetningu, einstakingum, tímabilum o.fl. Skráin verður tengd *bækur.is* í framtíðinni.

Samfélagsmiðlar

Vinna hófst við að auka samþættingu vefja safnsins og samfélagsmiðla. Fyrsta tilraunaverkefnið bar heitið #FyrirÖld og gekk út á að birta fyrirsagnir úr dagblöðum á Twitter reikning safnsins og Facebook síðu *timarit.is* nákvæmlega öld eftir að þær birtust fyrst í blöðunum. Í kjölfarið var unnið svipað verkefni með ný rit á *bækur.is*. Stefnt er á aukna þjónustu á samfélagsmiðlum á komandi ári.

Einkaskjöl.is

Einkaskjöl.is er nýr vefur sem ekki hefur verið opnaður formlega og er enn í vinnslu. Hann hefur að geyma skráningarupplýsingar fyrir skjalasöfn í fórum Lbs-Hbs. Vefurinn byggir á opna hugbúnaðinum AtoM (Access to Memory) frá Alþjóðlega skjalaráðinu, en upplýsingatæknihópur hefur aðlagð útlit hans. Á næsta ári verður unnið að því að tengja stafrænar endurgerðir skjala við færslur.



Vinnustofa í bókagerð í tengslum við sýningu um Michel Butor og vini í maí.



Nýju hópinnuborðin á 2. hæð urðu strax vinsæl.

AÐFÖNG OG SKRÁNING

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsóknna, móttöku gjafa, flokkun, skráningu, bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Í árslok störfuðu 20 á sviðinu í 19.13 ársverkum. Sviðsstjóri er Ragna Steinarsdóttir.

SKYLDUSKIL

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýs íslensks efnis samkvæmt lögum um skylduskil. Ennfremur er unnið að frágangi og skráningu þessa efnis, auk eldra efnis sem berst og reynt að útvega það sem á vantar. Rafrænn hluti skylduskila fer vaxandi s.s. söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Önnur verkefni faghópsins er m.a. móttaka íslenskra tímarita fyrir Íslandssafn og skráning doktorsritgerða á vefinn *doktor.landsbokasafn.is*. Skylduskil halda saman tölulegum upplýsingum um tímarit, smælki og fleira. Ennfremur eru sendar upplýsingar til Hagstofu Íslands um blaða- og tímaritaútgáfuna, tegundir hennar og tíðni eftir efni.

Rafhlaðan

Útgáfa rafrænna verka eykst stöðugt og eru þau vistuð í Rafhlöðunni. Flest verkin eru skráð með rafrænum tengli í Gegni og eru lýsigögnin flutt vélrænt í Rafhlöðuna. Ekki er því lengur þörf á að tvískrá efnið. Heimsóknir jukust um þriðjung.

Vefsöfnun

Völdum vefsíðum er safnað vikulega, einkum vefsíðum miðla sem breytast ört eða geyma efni sem telst áhugavert í þjóðfélagslegri umræðu hér á landi, s.s. fréttæfni, stjórnmálaskrif, fregnir af menningaratburðum, tíðindi af landsbyggðinni o.fl. Fjöldi vefja í slíkri reglulegri söfnun hefur haldist í kringum hundrað. Einnig er safnað efni sem varðar Ísland eða Íslendinga og er til á öðrum lénum en .is. Erlendar slóðir sem safnað er, voru í desember 1.621. Sérstök viðburðasöfnun fór fram í tengslum við sveitastjórnarkosningar í maí 2014.

Enumerate-könnunin

Í skylduskilum er haldið utan um Enumerate-könnunina sem er samstarfsverkefni menningarstofnana í Evrópu og felst í því að kortleggja hversu mikið af safnkosti slíkra stofnana er komið á stafrænt form. Reglulega verða sendir út spurningalistar til stofnana hérlandis, sá fyrsti fór út síðla árs 2013 og niðurstöður voru birtar vorið 2014 á enumerate.eu.

Aðföng og frágangur blaða og tímarita

Allt nýtt íslenskt efni sem er tímaritakyns eða kemur út með reglubundnum hætti, er móttakið um eintakabáttinn í Gegni, en unnið er að því að skoða pantana-, spá- og áskriftamynstur tímarita í kerfinu svo hægt sé að nýta aðfangabátt tímarita betur. Unnið er að því að ganga frá eldra efni í blaðöskjur og eintakstengja. Allnokkuð barst af gjöfum, m.a. frá stofnunum sem hafa lagt niður bókasöfn sín. Ef óbundin heil eintök berast, sem ekki hafa verið mynduð fyrir *tímarit.is*, er þeim komið til myndadeildar. Síðan er þeim ráðstafað í safnið eða í önnur söfn sem vilja.

Innheimta og gjafir

Eins og áður voru keyrðir út listar úr Gegni til að fylgjast með útgáfu prentaðra bóka, sem önnur söfn eiga en hafa ekki borist í safnið. Einnig er fylgst með í blöðum, *Bókatiðindum*, fréttum og á netinu til að hafa upp á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi, sömuleiðis hljóðefni. Þá berast oft ábendingar um gögn sem vantar. Svo er og haft samband reglulega við þá sem prenta erlendis og þeir minntir á sitt hlutverk. Ennfremur var tekin upp sú nýbreytni að fara reglulega í Góða hirðinn, nýttjamað Sorpu og skv. sérstöku samkomulagi milli safnsins og Góða hirðisins fæst 50% afsláttur af keyptum ritum.

AÐFÖNG

Ritakaup HÍ

Helstu verkefni aðfanga eru ut anumhald vegna kaupa á ýmsum gögnum fyrir Lbs-Hbs og fræðasvið HÍ, svo sem pöntun efnis, móttaka og aðfangaskráning, sem og móttaka og aðfangaskráning gjafa sem berast. Söfnun og greining á tölfraðilegum gögnum var einnig stór þáttur í starfsemi aðfanga á árinu. Unnið var að þróun aðfangabáttar Gegnis í samstarfi við Landskerfi bókasafna þar sem megináherslan var lögð á samræmingu aðfangabáttarins innan safnsins og gerðar voru ýmsar breytingar á skráningu til að fá fram raunkostnað einstakra gagna í reikningshluta þáttarins.

Gagnakaup

Fjárveiting frá einstökum sviðum HÍ til safnsins vegna gagnakaupa á árinu 2014 var sem hér segir:

Félagsvísindasvið	12.6 m. kr.
Heilbrigðisvísindasvið	3.2 m. kr.
Hugvísindasvið	9.0 m. kr.
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	<u>17.4 m. kr.</u>
Alls	42.2 m. kr.

Landspítali-Háskólasjúkrahús kaupir ennfremur efni fyrir Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið

sér um innkaup fyrir sitt bókasafn. Heildarinnkaup fyrir HÍ voru rúmar 41.1 millj. kr., sem er heldur minna en fjárveitingin, og var þeim ráðstafað í náinni samvinnu við háskólakennara og/eða bókasafnsfulltrúa:

Bækur og mynddiskar	10.6 m. kr.
Tímarit	11.9 m. kr.
Rafræn gögn	18.6 m. kr.
Landsaðgangur (miðlægt)	37.6 m. kr.
Séráskriftir (miðlægt)	<u>5.6 m. kr.</u>
Alls	84.3 m. kr.

Greitt er miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum 37.6 millj. kr. og um 5.6 millj. kr. fyrir séráskriftir að öðrum gagnasöfnum svo sem *JSTOR* og *CSA*.

Heildarfjárveiting Lbs-Hbs til gagnakaupa var um 18.6 millj. kr. sem skiptist þannig:

Bækur	6.9 m. kr.
Tímarit	5.7 m. kr.
Tón- og myndefni	0.7 m. kr.
Landsaðgangur	3.8 m. kr.
Annar rafrænn aðgangur	<u>1.5 m. kr.</u>
Alls	18.6 m. kr.

Bókaval

Á árinu var stofnaður bókavalsþópur og sitja í honum fulltrúar aðfanga-, varðveislu- og þjónustusviðs. Hann hefur það hlutverk að samræma aðföng í safninu, bæði keypt efni og gjafir fyrir öll svið og að auka gagnsæi og yfirsýn allra þeirra sem að aðföngum koma. Verksvið hópsins nær yfir bækur, tímarit og tón- og myndefni á öllum miðlum. Einnig skal hópurinn endurskoða aðfangastefnu safnsins og fara yfir verklag við móttöku gjafa og grisjun úr safnkosti. Unnið er að auknu samstarfi milli safnsins og deilda HÍ við ritakaup.

Miðstöð íslenskra bókmennta

Í ágúst var skrifað undir samstarfssamning safnsins og Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Samningurinn miðar að því að safna ítarlegum upplýsingum um útgáfu íslenskra bókmennta á öðrum tungumálum en íslensku og tryggja aðgang að þeim. MÍB afhendir Lbs-Hbs eintök af þeim bókum sem hún styrkir. Lbs-Hbs tryggir varðveislu og aðgang að bókunum og vinnur að gerð þýðingarskrár. Sú vinna fer fram í samstarfi við upplýsingatæknihóp safnsins. Á árinu bærast 82 bækur frá Miðstöðinni.

Ritaskrár starfsmanna HÍ og annarra stofnana

Á árinu hófst vinna við að fara yfir ritaskrár starfsmanna HÍ og annarra stofnana og átak gert í að afla efnis sem ekki hefur borist safninu.

Gjafir

Safninu bærust margar gjafir á árinu, bæði frá einstaklingum og stofnunum. Líkt og undanfarin ár fékk safnið gjafir frá svissnesku menningarstofnuninni Pro Helvetia og Japan Literature Publishing and Promotion Center (JLPP). Einnig bærust gjafir frá erlendum háskólum, sendiráðum og alþjóðlegum stofnunum og gestum sem heim sóttu safnið. Þá fær safnið reglulega gjafir frá Bók sölu stúdenta og starfsmönnum og deildum Há skóla Íslands. Samtökin '78 lögðu niður bókasafn sitt og var ritunum komið fyrir í Lbs-Hbs og Borgar bókasafni. Meðal einstaklinga sem gáfu bækur á árinu má nefna Guðjón Friðriksson, Eið Guðnason, Jón Rúnar Gunnarsson, Jón Snorra Snorrason og Hannes Hólmstein Gissurarson. Á árinu var einnig gert átak í að vinna úr gömlum gjöfum sem biðu í geymslum.

ÍSLENSK SKRÁNING OG BÓKFRÆÐISTJÓRN

Í íslenskri skráningu og bókfræðistjórn er íslensk útgáfa, sem berst safninu gegnum skylduskil skráð, flokkuð og lykluð í Gegni. Ýmist er um að ræða efni á áþreifanlegu formi eða rafrænt, þ.e. bækur og bæklingar, hljóðrit, myndefni, tölvugögn, tímarit og hljóðbækur. Ennfremur er þar skráð talsvert af efni sem gefið er út erlendis en varðar Ísland, eða er eftir Íslendinga (*Islandica extranea*). Þessi útgáfa berst safninu í gegnum innkaup og gjafir eða frá vinnumatssjóði háskólakennara við HÍ. Skrá um íslenska útgáfu er dregin út úr Gegni og birt á vefnum, *utgafuskra.is*. Skráin er uppfærð vikulega. Starfsmenn íslenskrar skráningar sjá um að kóða bókfræðifærslur sem eiga að birtast í útgáfuskránni og sjá um að fara yfir og leiðrétta gögnin.

Bókfræðileg stjórn Gegnis fer að öllu jöfnu fram í svokölluðum nafnmyndagrunni. Sú vinna er nær öll á hendi starfsmanna íslenskrar skráningar. Í nafnmyndaskránni birtast tilvísanir bæði mannanafna, landfræðiheita, stofnananafna og almennra efnisorða. Þar eru alnafnar aðgreindir og gerðar samræmdar nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og fornrit, svo dæmi sé nefnt.

Umsjón og utanumhald um greiniskráningu íslenskra tímarita í Gegni er eitt af verkefnum fag sviðsins, en mörg aðildarsafnanna taka að sér greiniskráningu á sínu fag- eða áhugasviði. Meðal þess sem þarf að huga að er samræmi við skráningu á vefnum *timarit.is* en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist á *timarit.is*. Þá sér starfsmaður faghópsins einnig um að fylgjast sérstaklega með því efni sem skráð er í Gegni og birt á vefnum *bækur.is*.

Starfsmaður íslenskrar skráningar hefur umsjón með gæðaeftirliti á rafrænum tenglum í Gegni. Öll vinna við viðhald rafrænna tengla í bókfræðigrunni

fer fram í safninu og þaðan fá önnur aðildarsöfn Gegnis upplýsingar um forðafærslur sem þau þurfa að fara yfir.

Á árinu var farið yfir verkaskiptingu hjá faghópnum, ýmis verkferli voru endurskipulögð og skráð í nýja handbók fyrir verklag og vinnuferla sviðsins. Tveir starfsmenn sviðsins ritstýra handbókinni og sjá um að fullvinna og uppfæra þær upplýsingar sem í henni eru. Verkefnastjórnunarkerfið Trello var kynnt og hefur verið notað til að halda utan um nokkur verkefni innan hópsins og samvinnuverkefni við önnur svið.

Áfram var unnið að ýmsum sérverkefnum sem auka eiga á gæði og samræmi í skráningarfærslum og bæta þar með leitarheimtúr. Dæmi um slíkt eru sameiningar á tvöföldum bókfræðifærslum, átaksverkefni til að ná samræmi í skráningu ritraða, verkefni um samræmi í skráningu á námsefnisþökkum og efnisorðavinna sem miðar að því að bæta aðgengi notenda að þýðingum á íslenskum bókmenntaverkum. Mikil vinna var lögð í tónlistarskráningu og samvinnu við tón- og myndsafn um skráningu á hljóðritum sem þarf að færa yfir á stafrænt form. Einnig var gert átak í skráningu á rafrænu efni og undirbúningi fyrir skráningu rafræna bóka fyrir lesbretti.

Haustið 2014 hófst samvinna milli safnsins og Há skóla Íslands um kennslu í upplýsingafræði. Kennsla í skráningu var á höndum fagstjóra íslenskrar skráningar og sviðsstjóra. Starfsmenn safnsins hafa einnig umsjón með áfanganum Skipulagning þekkingar (lyklun og flokkun), sem kenndur verður á vorönn 2015.

ERLEND SKRÁNING OG BÓKFRÆÐISTJÓRN

Meginverkefni faghópsins er flokkun, lyklun og skráning á erlendu efni sem keypt er fyrir deildir HÍ og safnið, ennfremur efni sem berst í bókagjöfum og í ritaskiptum. Einnig sér faghópurinn að hluta til um flokkun og lyklun á erlendum ritauka Íslands safns og skráir kafla úr erlendum bókum sem innihalda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Þá sér hópurinn um skráningu og lyklun á meistaraprófsritgerðum frá HÍ í Gegni, en þær eru aðgengilegar á 3. hæð safnsins. BA og BS ritgerðir eru nú aðeins aðgengilegar í *Skemmunni*, en starfsmenn erlenskrar skráningar gefa þeim efnisorð.

Flokkun og skráning

Á árinu var áfram unnið að ýmsum lagfæringum og leiðréttingum í Gegni. Einnig fór fram nafnmynda vinna vegna lokaritgerða. Nokkuð var endurflokkað á árinu skv. 23. útg. Dewey kerfisins. Má þar m.a.

nefna flokka eins og lögfræði og sagnfræði ásamt nokkrum smærri flokkum. Umsjón með samlagsáskrift að Vef-Dewey er í höndum fagstjóra erlendra skráningar sem úthlutar aðgangsorðum til aðildarsafna. Fagstjóri er fulltrúi Íslands í EDUG (European DDC Users Group) sem er evrópskt notendafélag Dewey-flokkunarkerfisins, en árleg ráðstefna þess var haldin í safninu í maí. Í febrúar tóku tveir starfsmenn faghópsins þátt í fjögurra vikna netnámskeiði á vegum American Library Association (ALA) og fjallaði það um RDA skráningarreglurnar.

GÆÐASTJÓRN GEGNIS

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna sem rekur *gegnir.is* og *leitir.is*. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði, þær Hallfríði Hr. Kristjánsdóttir sem tók við af Sigrúnu J. Marelsdóttur haustið 2014 og Hildi Gunnlaugsdóttur. Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnisorðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði þessi ráð starfa á vegum Landskerfis bókasafna. Safnið á einnig þrjá fulltrúa í gæðahópi Gegnis en sá hópur gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins, þ.m.t. *leitir.is*. Gæðastjóri Gegnis á jafnframt sæti í vinnuhópi um rafgögn sem Landskerfi bókasafna stýrir.

Gæðastjóri og fagstjóri íslenskrar skráningar sjá um að svara pósti sem berst á netfangið *gegnir@landsbokasafn.is*. Um er að ræða ábendingar um lagfæringar eða villur sem þarf að leiðrétta. Að meðaltali bárust 60 erindi á mánuði árið 2014.

Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið sér um og uppfærir Handbók skrásetjara Gegnis sem er vinnutæki allra skrásetjara landsins og er aðgengileg á vefnum *hask.landsbokasafn.is*. Gæðastjóri er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja að auki þrír starfsmenn íslenskrar og erlendra skráningar.

Fræðsla og þróunarverkefni

Kennsla nýrra skrásetjara er á höndum gæðastjóra, en skráningarleyfi í Gegni er bundið við að viðkomandi hafi sótt þriggja daga námskeið sem haldið er á vegum Landskerfis bókasafna einu sinni til tvisvar á ári. Starfsmenn íslenskrar og erlendra skráningar aðstoða við kennsluna. Fræðslufundir fyrir skrásetjara eru að jafnaði tvisvar á ári og eiga starfsmenn skráningar og gæðastjóri Gegnis drjúgan þátt í mótun dagskrár og flutningi.

RDA skráningarreglurnar

Á árinu 2014 hófst formlegur undirbúningur innleiðingar RDA skráningarreglnanna, Resource Description and Access. Safnið gegnir veigamiklu hlutverki í því ferli ásamt skráningarráði Gegnis og fleiri hagsmunaaðilum. Sótt voru tvö fjögurra vikna netnámskeið á vegum American Library Association (ALA), annað um innleiðingu nýju reglnanna og hitt um skráningu samkvæmt þeim. Í kjölfarið voru gerð drög að áætlun um innleiðingu RDA og samkvæmt þeim drögum er gert ráð fyrir að í maí 2016 verði öll frumskráning í Gegni samkvæmt RDA. Verkefnisstjóri er Magnhildur Magnúsdóttir.



Bókagjörningur í tengslum við sýningu um Michel Butor og vini í maí.

VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil, nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánnum á lestrarsal, ásamt þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Í lok ársins störfuðu 19 á sviðinu, en ársverk voru 18,15. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

FORVARSLA OG BÓKBAND

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safninu. Dregið hefur verulega úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins hefur aukist. Bókbandsverk á árinu 2014 voru alls 48.498 einingar. Lokið var við könnun og skráningu á ástandi handrita með safnmarkinu Lbs og hafa nú öll handritasöfn verið metin. Töluverður tími fór í að meta ástand og laga gögn frá safninu sem verða til sýnis á nýrri sýningu sem verður opnuð í Safnahúsi á árinu 2015. Hrefna Ársælsdóttir bókbindari átti verk á farandsýningunni *Norrænt bókband* sem var í safninu 2014.

MYNDASTOFA

Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita og annars efnis, og myndatöku að beiðni notenda safnsins, vegna

sýninga og ýmissa atburða. Eins og undanfarin ár voru tímarit meginhluti þess sem myndað var á árinu. Myndaðar voru 206.462 bls. en efnið skiptist í meginatriðum þannig:

Blöð og tímarit	154.065 bls.
Handrit	30.247 bls.
Bækur	17.759 bls.
Til birtingar utan safnsins	2.300 bls.
Fylgiefni fyrir Hljóðsafn	2.091 einingar

Engin Íslandskort voru mynduð enda var lokið við myndun þeirra á síðasta ári. Ný myndavél af gerðinni Qidenus var tekin í notkun í upphafi árs.

HANDRITASAFN

Meginhlutverk handritasafns er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og skjala sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Þar er langstærsta safn íslenskra pappírshandrita frá síðari öldum (16.–20. aldar)

eða 15.200 handrit sem hafa verið fullskráð og fengið safnmark og um 1.000 einingar sem bíða skráningar. Starfsfólk annast jafnframt kynningu á handritum, þjónustu við safngesti á lestrarsal, upplýsingaþjónustu, aðstoðar við sýningar og heldur úti síðu á samfélagsmiðlum til að kynna starfsemina.

Aðföng

Aðföng voru í meðallagi og dreifðust jafnt yfir árið, en 74 handrita- og skjalasöfn voru afhent safninu til eignar og varðveislu. Sem dæmi má nefna ljóðakver úr forum Elku Björnsdóttur verkakonu frá árinu 1897, gögn Björns Ólafssonar ráðherra og kaupmanns, bréf Jóns Thoroddsen sýslumanns og skálds, gögn Þjóðfræðafélagsins, Fornmannasöguhandrit með hendi Magnúsar í Tjaldanesi, viðbót við gögn Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, gögn Bandalags íslenskra listamanna, gögn Einars Olgeirssonar stjórnmálamanns og ýmislegt fleira.

Skráning aðfanga

Haldið var áfram átaki í frumskráningu aðfanga síðustu ára. Í árslok 2014 var búið að skrá 1070 handrit úr aðföngum á *handrit.is*, og um 150 einkaskjalasöfn voru sett á safnmark og gengið frá þeim í öskjur.

Samskrá handrita – handrit.is

Haldið var áfram skráningu handrita í samskrá og gagnasafn íslenskra handrita á *handrit.is*. Það er efni sem er varðveitt í handritasafni, Stofnun Árna Magnússonar og Árnasafni í Kaupmannahöfn. Í árslok 2014 höfðu 5.192 handrit í vörslu Lbs-Hbs verið frumskráð á *handrit.is*, fjöldi handrita sem voru mynduð var 1.447 og fjöldi mynda 372.529.

Skráning einkaskjala – einkaskjöl.is

Haldið var áfram rafrænni skráningu einkaskjalasafna í forritið AtoM (Access to Memory) sem Alþjóða skjalaráðið stendur að. Kvennasögusafn og Miðstöð munnlegrar sögu unnu einnig að skráningu á sínum gögnum í þennan grunn sem verður gerður aðgengilegur fyrir almenning árið 2015 á vefslóðinni *einkaskjol.is*.

Samskrá einkaskjalasafna – einkaskjalasafn.is

Árið 2012 var skipaður vinnuhópur til að vinna að því að útbúa samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi, en í honum sátu fulltrúar frá Þjóðskjalasafni, héraðsskjalasöfnunum og handritasafni Lbs-Hbs. Verkefni hópsins var að safna upplýsingum um einkaskjalasöfn hjá vörslustofnunum á einn stað og bæta þannig aðgengi að heimildaflokknum á léninu *einkaskjalasafn.is*. Áætlað er að opna vefinn árið 2015. Fulltrúi safnsins var Bragi Þ. Ólafsson.

Íslensk bóksaga – fyrirlestraröð

Í október hófst fyrirlestraröðin *Íslensk bóksaga*, en henni var ætlað að vera vettvangur til að kynna verkefni og rannsóknir sem lúta að safnkosti Lbs-Hbs. Árni H. Kristjánsson sagnfræðingur hélt fyrsta fyrirlesturinn og fjallaði hann um fjölfræðihandrit Jóns Bjarnasonar bónda í Þórormstungu (ÍBR 67–74 4to). Fyrirlestraröðin var styrkt af Rannsóknarsjóði Sigrúnar Á. Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar.

Fræðsla

Nemendur frá HÍ, Tækniskólanum, Myndlistarskólanum í Reykjavík, og Leiðsögumannaskólanum fengu kynningu á sögu og hlutverki handritasafns á árinu. Um var að ræða nemendur í íslensku, sagnfræði, þjóðfræði, skjalfræðum og öðrum greinum.

Starfsmannamál

Á árinu störfuðu tveir erlendir sjálfbóðaliðar við ýmis störf á handritasafni. Ingibjörg Eypórsdóttir vann að skráningu á handritum með sálum Hallgríms Péturssonar en verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Ráðstefnur

Bragi Þ. Ólafsson sótti ráðstefnuna *Care and Conservation of Manuscripts* sem haldin var í Kaupmannahöfn í apríl og hélt þar erindi.

Kynningar og sýningar

Facebook síða handritasafns var notuð til að kynna áhugavert efni og þar voru birtar ljósmyndir og kynningar á ýmsum gögnum og handritum og var síðan með 1.098 aðdáendur í árslok 2014. Þá var efni úr forum handritasafns kynnt í tengslum við ýmsar útgáfur á árinu s.s. útgáfu á handritum Jóns Bjarnasonar bónda í Þórormstungu sem kom út í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar*. Einnig voru litlar tækifærissýningar settar upp í forsal Íslandssafns og lítil sumarsýning, *Pappírs-handrit og skinnblöð*. Starfsmenn handritasafns tóku þátt í undirbúningi sýninga á vegum safnsins, s.s. um Hallgrím Pétursson, 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og Sjónarhorn í Safnahúsinu.

Reassembling the Republic of Letters

Safnið tekur þátt í COST verkefninu *Reassembling the Republic of Letters. A digital framework for multi-lateral collaboration on Europe's intellectual history*. Þrjátíu Evrópuþjóðir taka þátt í verkefninu sem miðar að því að taka saman samskrá yfir bréfaskepi fræði- og vísindamanna í Evrópu á tímabilinu 1500–1800 og birta tengslanet þeirra með myndrænum hætti. Tveir vinnufundir voru haldnir á vegum verkefnisins, í Brussel og Prag.

ÍSLANDSSAFN

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi, í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Afgreiðsla Íslandssafns er á 1.h. safnsins. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrar-sal. Gestir á lestrarsal Íslandssafns og handritasafns árið 2014 voru 3.977 samkvæmt skráningu í gesta-bók en gestir lestrarsals árið 2013 voru 4.190 talsins.

Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safn-kostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við safnkostinn. Einnig þarf að flokka og ganga frá svokölluðu smælki t.d. bæklingum og auglýsingum sem sífellt bætast við. Árið 2014 var lokið við flokkun og frágang á smælki ársins 2011 og flokkun á smælki ársins 2012 var langt komin í árslok. Skv. skráningarupplýsingum úr Gegni bættust um það bil 4.300 strikamerkjæiningar við safnkost Íslandssafns árið 2014.

Stafræn endurgerð fyrir timarit.is

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við titlum tímarita og dagblaða á vefinn *timarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út, en útgefendur greiða fyrir myndun ritanna. Árið 2014 bættust 82 tímaritstitlar við vefinn með 180.319 bls.

Skráning óútgefinna leikhandrita

Árið 2014 lauk skráningu 1246 leikhandrita sem varðveitt eru í Íslandssafni en þau voru skráð í Gegni. Einnig var unnið að skráningu leikhandrita úr safni Lárusar Sigurbjörnssonar, sem voru um 250 talsins í árslok 2014.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Lbs-Hbs er varðveitt í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs af bókum, tímaritum, dagblöðum og smáprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni er varðveitt í Þjóðar-bókhöfðinu. Í varaeintakasafni vinnur starfsmaður í hálfu starfi við að ganga frá því efni, sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega í mars-apríl. Auk þess liggur þar töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, sem ekki hefur verið eintakstengdur. Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið við að eintakstengja og raða tímaritunum. Starfsmenn Íslandssafns fara reglulega í Reykholt til að funda og vinna ýmis

átaksverkefni. Árið 2014 bættust um það bil 4.000 strikamerkjæiningar við varaeintakasafnið skv. upplýsingum úr Gegni.

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum. Reynt hefur og verið að fylla í eyður og nú sem endranær var unnið úr gjöfum sem borist hafa.

Starfsmannamál

Árið 2014 starfaði erlendur sjálfboðaliði í Íslands-safni í um það bil mánuð og aðstoðaði meðal annars við tiltekt og endurskipulagningu safnkosts í bóka-gæmslum. Einn starfsmaður vann í tvo mánuði sumarið 2014 í tengslum við atvinnuskap-andi áttak Vinnu-málastofnunar.

Kynningar

Íslandssafn heldur úti Facebook síðu með um 200 aðdáendum, þar sem vakin er athygli á efni safnsins og verkefnum.

SÉRSÖFN

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn sem tilheyra Lbs-Hbs og veita aðgang að þeim auk ýmissa annarra verkefna. Eitt af helstu verkefnum ársins var frágangur og skráning fornra íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Í árslok 2014 voru 1.011 titlar aðgengilegir í 1.155 bindum, samtals 305.267 bls. Bókminjasafn var flutt úr Safnahúsi í Þjóðar-bókhöfðinu og er nú í hillum í forsal Íslandssafns. Úthlutað var í fimmta sinn úr Rann-sóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Umsóknir voru tólf og hlutu sex þeirra styrk.

Íslensk bókaskrá til 1844

Stærsta verkefni ársins var að fullgera íslenska bókaskrá til 1844 en 1. desember, á tuttugu ára af mæli safnsins, var opnað fyrir aðgang að henni á vefslóðinni *bokaskra.landsbokasafn.is*. Sögu bóka-skrárinnar má rekja aftur til miðrar síðustu aldar en þá hófst vinna við að semja bókfræðilega skrá yfir öll íslensk rit í Landsbókasafni Íslands og átti fyrsti hlutinn að ná yfir tímabilið frá 1534 til 1844. Til stóð að skráin yrði gefin út og var unnið að henni fram á sjöunda áratug aldarinnar en hún var aldrei prentuð. Árið 2005 hófst vinna við skrána á ný og var fljótlega ákveðið að nýta kosti upplýsingatækninnar og birta hana með stafrænum hætti á netinu.

TÓN- OG MYNDSAFN

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að þaulsafna, varðveita og veita aðgang að hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Safnkosturinn er að mestum hluta varðveisluefni fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en þó er hluti safnkostsins keypt efni, s.s. erlendar kvikmyndir og tölvugögn, ætlað háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er töluvert úrval af nótnaheftum til útláns auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Efni sem berst í safnið er skráð jafnóðum í Gegni.

Hljóðsafn

Í desember 2014 var opnaður aðgangur að Hljóðsafni, en þar eru stafræn afrit hljóðrita af 78 snúninga hljómplötum og tónlistardiskum í eigu Lbs-Hbs. Tilgangurinn með Hljóðsafninu er tvíþættur, að varðveita hljóðrit Lbs-Hbs til frambúðar og bæta aðgang að þeim. Hægt er að hlusta á hljóðrit í höfundarrétti í tölvum á 1. og 4. hæð í Þjóðarbókhöðdu, en efni sem komið er úr höfundarrétti er í opnum aðgangi á netinu. Í árslok voru í Hljóðsafni afrit af tónlistardiskum frá fyrstu fimm árum íslensku útgáfunnar (1987–1991) og eitthvað af nýrri útgáfu, en jafnt og þétt bætist í safnið. Slóðin er hljodsafn.landsbokasafn.is.

Starfsmannamál

Sjálfboðaliði frá Sviss, vann í fjórar vikur í tón- og myndsafni, m.a. við stafræna afritun á geisladiskum í Hljóðsafnið. Sumarstarfsmaður, ráðinn í tengslum við atvinnuskapandi átak Vinnumálstofnunar, vann, ásamt sjálfboðaliðanum, við að uppfæra sýnisrekka fyrir mynddiska sem eru til útláns á 4.h.

Kynningar

Tón- og myndsafn er með síðu á Facebook í þeim tilgangi að kynna safnið og hafa samband við tónlistarfólk og auðvelda þannig innheimtu hljóðrita. Um 80 manns eru aðdáendur síðunnar.

KVENNASÖGUSAFN

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 en varð hluti af Landsbókasafni árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhöðdu. Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safnið miðlar einnig þekkingu um sögu kvenna, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir stór skjalasöfn íslenskra kvenfélaga, þar á meðal skjöl Kvenréttindafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Kvennaframboðsins og Kvennalistans. Á Kvennasögusafni má einnig finna minni skjalasöfn einstaklinga og ýmis skjöl önnur sem á einhvern hátt tengjast íslenskum konum og þeirra sögu.

Í Kvennasögusafni eru veittar upplýsingar, og þar og í Íslandssafni eru skjöl sótt í kjallara fyrir notendur til afnota á lessal á 1.h. Gestir voru 52 talsins samkvæmt gestabók, þar af 7 karlmenn. Skráð voru 11 símtöl við karlmenn og 56 við konur, 10 tölvusamskipti við karlmenn og 76 við konur.

Í stjórnarnefnd Kvennasögusafns sátu Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræði við HÍ, Helga Guðmundsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands og Edda G. Björgvinsdóttir af hálfu Lbs-Hbs.

Skráning og frágangur gagna

Aðföng Kvennasögusafns eru skráð í aðfangaskrá og á vef safnsins má finna upplýsingar um gögn kvenfélaga sem kosið hafa að varðveita skjöl sín hjá Kvennasögusafni. Á árinu 2013 var vinna hafin við rafræna skráningu þeirra skjalasafna sem í safninu eru á einkaskjol.is. Safninu bárust 10 einingar árið 2014. Meðal aðfanga má nefna gögn frá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Guðrúnu Hallgrímsdóttur.

Kynningar

Kvennasögusafn er með sérstaka vefsíðu kvennasogusafn.is og einnig síðu á Facebook með um 700 aðdáendum. Auður Styrkarsdóttir, hélt fjölmörg erindi á árinu sem flest tengdust hlutverki hennar sem formanns framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU

Meginhlutverk Miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær og skrá og gera safnkostinn aðgengilegan. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Fimm manns sitja í fagráði Miðstöðvarinnar en hutverk þess er að taka þátt í stefnumótun og veita ráðgjöf um verkefnaval, fagleg málefni og að afla sértekna til einstakra verkefna. Í fagráði sitja Guðmundur Jónsson prófessor við HÍ, Þorsteinn Helgason dósent við HÍ, Sólveig Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Reykjavíkur-Akademíunnar, Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur og Örn Hrafnkelsson frá Lbs-Hbs.

Aðföng

Alls bárust Miðstöðinni níu afhendingar á árinu. Ýmist voru þetta viðbætur við fyrri afhendingar eða ný verkefni. Sem dæmi má nefna viðbætur við RARIK-verkefni, sem Helgi M. Sigurðsson afhenti og viðbætur við Fræðslufundi eldri vinstri grænna sem Gunnar Guttormsson afhenti. Þá má nefna viðtal Einars Hauks Reynis við Davíð Scheving Thorsteins-son um áfengisbann á Íslandi.

Skráning gagna

Í Miðstöðinni eru nú um 120 söfn. Unnið hefur verið að skráningu þeirra á árinu í því skyni að gera

gögnin aðgengilegri. Lýsingar á söfnum eru skráðar inn á vefinn *einkaskjol.is*. Í lok árs 2014 voru 87 söfn skráð inn á þann vef. Einnig er unnið að því að skrá hljóðskrár og gera þær aðgengilegar á vefnum *hljodsafn.landsbokasafn.is* og voru 30 söfn Miðstöðvarinnar komin þar inn í lok árs 2014.

Kynningar

Þann 1. mars stóð Miðstöð munnlegrar sögu fyrir námskeiði um munnlega sögu og aðferðir hennar. Áhersla var lögð á að leiðbeina þátttakendum um hvernig best sé að standa að undirbúningi, töku og úrvinnslu viðtala. Þátttakendur fengu þjálfun í viðtalstækni, töku viðtals og aðgæslu upptökgæða. Námskeiðið var kennt í Þjóðarbókhöfðinu og kennari á námskeiðinu var Unnur María Bergsveinsdóttir og sátu 11 nemendur námskeiðið. Þeir fræddust um munnlega sögu, sögu hennar og uppgang, viðtalstækni og aðferðir og spreyttu sig á að taka viðtöl.

Nokkrar kynningar á starfsemi Miðstöðvarinnar voru haldnar fyrir nemendahópa frá Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Þá var haldin kynning á Miðstöðinni fyrir hóp á vegum Byggðasafns Hafnafjarðar. Miðstöðin á sex hljóðupptökutæki og eitt myndbandsupptökutæki sem hún lánað út endurgjaldslaust. Miðstöðin heldur úti vefsíðunni *munlegsaga.is* og Facebooksíðu með um 200 aðdáendum.



Hvar eru heimildirnar?

MÍÐLUN OG RAFRÆNN AÐGANGUR

Sviðið ber ábyrgð á upplýsingaþjónustu og handbókasafni á 2. hæð, annast fræðslu um safnkostinn og kappkostar að notendur hafi sem bestan aðgang að upplýsingum. Aðrir verkþættir eru tímaritahald, umsjón með ISBN, ISSN og ISMN númerakerfunum, millisafnalán, Landsaðgangur að rafrænum gögnum, sýningar og kynningarmál. Í lok ársins störfuðu 10 á sviðinu, en ársverk voru 9,2. Sviðsstjóri er Halldóra Þorsteinsdóttir.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG NOTENDAFRÆÐSLA

Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar og einstaklingsbundin leiðsögn um notkun rafrænna gagna, bæði í síma og á staðnum, voru svipuð og undanfarin ár. Af þeim 1562 fyrirspurnum sem bárust upplýsingaþjónustu voru 694 teknar til nánari úrvinnslu en 868 var beint annað. Nokkur aukning hefur verið á sérfræðilegum fyrirspurnum erlendis frá. Á vormissari var gerð tilraun með tveggja tíma viðvist á viku við upplýsingaborð á Háskólatorgi, því skyni að nálgast stúdenta á nýjan hátt og miðla fróðlegu og skemmtilegu efni frá safninu.

Notendafræðsla

Í upphafi vor- og haustmisseris voru kennarar Háskóla Íslands að venju hvattir til að panta safnkynningar fyrir nemendur sína og hefur hefð myndast fyrir slíkum kynningum í mörgum deildum. Einkum er um að ræða frumkynningar þar sem þjónusta og aðstaða í safninu er kynnt ásamt vef safnsins og safnagáttinni *leitir.is*, og framhaldskynningar þar

sem farið er nánar í helstu skref heimildaleitar og leitartækni í einstökum gagnasöfnum. Ennfremur er boðið upp á blandaðar kynningar eða sérsniðnar að þörfum einstakra hópa með verklegum æfingum sem hafa mælst vel fyrir. Á haustmisseri var lögð áhersla á að vera með stutt innlegg og/eða dreifa bæklingum um safnið á kynningarfundum fyrir nýnema. Samtals voru haldnar 79 kynningar og skoðunarferðir um safnið og sóttu þær 2557 manns. Á vormissari tók safnið þátt í verkefnavöku í HÍ ásamt bókasafni Menntavísindasviðs og á haustmisseri hófst einnig samstarf við ritver Hugvísindasviðs. Haldin voru námskeið og kynningar í samvinnu við ritverið og voru þau afar vel sótt.

Bæklingar og útgáfa

Til stuðnings notendafræðslunni voru 20 bæklingar miðlunarsviðs uppfærðir og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Þeim er dreift í safnkynningum og við önnur tækifæri, auk þess sem þeir liggja frammi í safninu þar sem við á. Á vegum sýningarhalds voru gefnar út þrjár veglegar sýningarsskrár og fimm bæklingar í tengslum við jafn margar sýningar.

Áttavitinn

Í marsmánuði var tekin áskrift að bandaríska vef-umsjónarkerfinu *LibGuides* sem er sérstaklega þróað fyrir bókasöfn til að útbúa leiðarvísu og annað kynningarefni á tiltölulega einfaldan hátt. Í septemberbyrjun var síðan sérstakur safnfræðsluvefur, *Áttavitinn*, opnaður sem nýr valkostur á heimasíðu safnsins. Þar verður aðgangur að leiðarvísu hinna ýmsu fræðigreina og helsta kynningar- og fræðsluefni safnsins ásamt tenglum við stafræn gögn. Í árslok 2014 voru 20 leiðarvísar um jafn margar fræðigreinar komnir á vefinn. Kerfið kemur í stað efnis af vef safnsins og verður einnig sýnilegt í Uglu HÍ. Verkefnið er liður í að styrkja rafræna þjónustu við háskólasamfélagið.

Aðgangur að stafrænum gögnum

Aðgangur að stafrænum gögnum, tímaritum, bókum og gagnasöfnum er ýmist opinn á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu, þ.e. í séráskrift safnsins og Háskóla Íslands. Auk fjölda rafbóka sem bættust við frá *Springer* forlaginu og keyptar eru á landsvísu, tók Lagadeild HÍ áskrift að norska lagagrunninum *Lovdata Pro* sem opinn er á háskólanetinu. Prufuáðgangur var m.a. um þriggja mánaða skeið að tímaritum um safnafræði frá *Maney Publishing* án þess að áskrift væri tekin. Fyrir utan stafrænt efni sem er í Landsaðgangi var í árslok 2014 sameiginlegur aðgangur með einstökum deildum Háskóla Íslands að eftirfarandi gagnasöfnum:

ACM Digital Library
AnthroSource
Communication & Mass Media Complete
Emerald Insight
Encyclopedia of Geology
Encyclopedia of Perception
HeinOnline
Idunn.no
IEEEExplore
JSTOR
Karnov Lovsamling
LISA
Lovdata Pro
MathSciNet
MLA,
MyLibrary
Oxford Dictionary of the Middle Ages
Palgrave Dictionary of Economics
Philosopher's Index
PROLA
UN Treaty Collection
UNSTATS Common Database
Web Dewey
Westlaw UK, Westlaw International
Women and Social Movements International

Í félagi við aðra var aðgangur að gagnasöfnum:

ASCE
Compendex
OECDiLibrary
PsycArticles

Þar af voru ASCE og Compendex aðgengileg á landsvísu.

MILLISAFNALÁN

Heildarfjöldi beiðna árið 2014 var 3.276, af þeim voru afgreiddar 2.886 beiðnir (88% af heildarfjölda beiðna). Heildarfjöldi beiðna árið 2013 var 3.447, og því er um 5% samdráttur á milli ára.

Úr safnkosti Lbs-Hbs voru samtals afgreidd 783 gögn árinu. Af því voru 418 greinar. Afgreiddar greinar til annarra safna voru 192, þar af 183 til íslenskra safna. Afgreiddar greinar í greinaþjónustu til starfsmanna HÍ, fyrirtækja og almennra lánþega voru 226.

Afgreiddar bækur úr safnkosti Lbs-Hbs til annarra safna voru 365, þar af fóru 315 til innlendra safna og 50 til erlendra safna.

Það er 14% samdráttur í afgreiddum gögnum frá Lbs-Hbs frá árinu 2013, en afgreidd gögn voru þá 908. Þetta má að einhverju leyti útskýra með því að sífellt fleiri innlend söfn taka þátt í millisafnalánstarfsemi og hafa því fleiri möguleika en áður til að útvega gögn fyrir sína lánþega, en þurfa ekki alltaf að leita til Lbs-Hbs. Einnig hefur orðið verulegur samdráttur í sendingu greina til erlendra safna á síðustu árum og er það vegna þess að safnkostur Lbs-Hbs er hvergi sýnilegur í erlendum safnskrám lengur. Safnkosturinn var áður sýnilegur í NOSP (Nordisk/Baltic samkatalog for periodika), en sú skrá hefur ekki verið uppfærð síðan 2005.

Safninu bárust alls 2103 gögn á árinu frá öðrum söfnum, þar af voru 1.101 bók og 1.002 greinar.

Flestar greinar komu frá þýsku greinaþjónustunni Subito eða 514 (51%) en annars eru Norðurlöndin helstu birgjar, 217 (22%) frá Finnlandi og 163 (16%) frá hinum Norðurlöndunum. Bækur koma mikið til frá innlendum söfnum og Norðurlöndunum. 275 (25%) bækur bárust frá innlendum söfnum, 290 (26%) frá Danmörku, 254 (23%) frá Svíþjóð og 94 (9%) frá Noregi. Það er aðeins í 17% tilvika sem leita þarf út fyrir Norðurlöndin við útvegun bóka og er þá helst leitað til Þýskalands eða Bandaríkjanna. Aukning frá árinu 2013 er 2%.

TÍMARIT OG STAÐALNÚMER

Tímaritahald sér um innkaup og umsýslu tímarita safnsins og HÍ. Ákvörðun um hvaða efni er keypt fyrir HÍ er að mestu hjá kennurum og miðast við

það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2014 voru 272 tímaritaáskriftir greiddar af HÍ og 439 af ritakaupafé, samtals 711 titlar. Áskriftum fjölgaði um 12 titla frá fyrra ári. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf eða í ritaskiptum en þeim fækkar.

Finna tímarit

Skráin um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, var tekin í notkun í ársbyrjun 2013 og er fyrir öll háskólasöfn í landinu. Í skránni eru tenglar við rafræn tímarit bæði þau sem eru í Landsaðgangi og í séráskriftum háskóla auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals um 30 þúsund titlar.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Heildarskrá yfir íslenska útgefendur sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í maí inniheldur 4.285 færslur að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer. 71 númeraröð var úthlutað á árinu og 220 stökum númerum.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 117 ISSN númerum og þar af 25 fyrir ný tímarit á tímabilinu. Alls var úthlutað 92 ISSN númerum fyrir gömul tímarit. Verkefnið var unnið í samvinnu við alþjóðaskrifstofuna í París og snerist um að úthluta ISSN númerum fyrir prentaða og stafræna endurgerð þeirra tímarita sem eru á *tímarit.is*. Heildarfjöldi færsla fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 2813 færslur.

Alþjóðlegt nótnúmer ISMN

Alþjóðlega nótnúmerakerfið ISMN var innleitt í janúar 2013. Úthlutað var 6 númeraröðum og 4 stökum ISMN númerum á árinu. Frá upphafi hefur verið úthlutað 12 númeraröðum og 8 stökum númerum.

LANDSAÐGANGUR

Landsaðgangur að gagnasöfnum og stafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir öllum sem tengjast Internetinu hjá íslenskri netveitu og eru staddir á landinu, aðgang að þeim gagnasöfnum og stafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Vefurinn *hvar.is* er aðalþjónustuleið Landsaðgangs og þar eru m.a. veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgang að þeim og samninga við útgefendur.

Fimm manna stjórnarnefnd tekur þátt í stefnumótun, ákvarðanatöku um val á efni og skiptingu greiðslna. Stjórnarnefnd var síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Í stjórnarnefnd 2014 voru Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís H. Hafstað, Baldvin Zariogh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir,

Pálína Magnúsdóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Anna Sigríður Guðnadóttir.

Rýnihópur um gagna- og tímaritasöfn í Landsaðgangi var skipaður í byrjun árs og skilaði niðurstöðum til stjórnarnefndar í júní. Hópurinn bar saman efni og notkun á *EBSCOhost Premier* og *ProQuest Central*, lagði mat á lýsigögn, og samþættingu og virkni í SFX krækjuckerfinu og *leitir.is*. Lýsigögnin voru ekki aðgengileg í *leitir.is*.

Þegar búið er að taka tillit til áætlaðrar skörunar á milli safna má gera ráð fyrir að í Landsaðgangi hafi verið aðgangur að texta tæplega 20 þúsund tímarita. Í s.k. tímaritasöfnum var aðgangur að 4.889 tímaritum í fullum texta. Talsverð skörun er á titlum í *EBSCOhost Premier* og *ProQuest Central* gagnasöfnunum sem og við tímaritasöfnin. Ætla má að aðgangur hafi verið að um 15 þúsund tímaritatitlum hjá *EBSCOhost* og *ProQuest*. Þá var einnig aðgangur að um 6 þúsund rafrókum.

Heildarkostnaður var 239.1 millj. kr. Kostnaður við áskriftir var 222,4 milljónir kr., þar af 41,7 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 180,7 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 38,5 milljónir kr. og var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag um 200 greiðenda var um 116,3 milljónir kr. Sérstakt framlag ríkissjóðs var 86.4 milljónir kr.

Notkun gagna- og tímaritasafna, að greinasafni *Morgunblaðsins* undanskildu, jókst um 4,0% á árinu. Auk hins eiginlega Landsaðgangs er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað. Ársskýrsla Landsaðgangs er á *hvar.is*.

SÝNINGAR OG KYNNINGAR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins. Sýningastjóri var Ólafur J. Engilbertsson en fleiri starfsmenn leggja sýningum lið. Einingin hefur umsjón með kjörgrip mánaðarins á aðalvef safnsins.

100 ára minning – Nína Tryggvadóttir

Þann 27. febrúar var opnuð sýning í tilefni af 100 ára minningu myndlistakonunnar Nínu Tryggvadóttur (1913-1968). Landsbókavörður fjallaði stuttlega um sýninguna, barnabækur Nínu og sagði frá bréfasafni Erlendar í Unuhúsi en í því eru 29 bréf frá Nínu til Erlendar og uppköst að bréfum hans til hennar. Þá flutti Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur erindi um bók Nínu *Fljúgandi fiskisaga* (1948) og vandræði hennar við að fá vegabréfsáritun til Bandaríkjanna eftir að bókin kom út. Dóttir Nínu, Una Dóra Copley og eiginmaður hennar Scott Jeffries, sem búa í Bandaríkjunum, voru viðstödd.

Viðurkenning Hagbenkis

Viðurkenning Hagbenkis, félags fræðibóka og kennslugagna fyrir árið 2013 var veitt í safninu 28. febrúar. Hjörleif Stefánsson hlaut viðurkenninguna fyrir bókina *Íslensk torfhús* í útgáfu Crymogeu. Sett var upp örsýning af þessu tilefni í safninu.

Á hjara veraldar – Melitta Urbancic

Þann 8. mars opnaði Vigdís Finnbogadóttir sýningu til heiðurs skáldkonunni, myndhöggvaranum og leikkonunni Melittu Urbancic. Við opnunina var haldið málþing um ævi og verk Melittu og yfirskriftin var *Á hjara veraldar*. Meðal þeirra sem tóku til máls voru Sjón, Gauti Kristmannsson, Sibyl Urbancic, Oddný Sverrisdóttir og Angela Rawlings. Sölvi Björn Sigurðsson og Sabine Leskopf lásu úr ljóðum Melittu og kvartettinn Kvika flutti íslensk ljóð og lög í þýðingu Melittu og útsetningu Victors Urbancic. Málþingið var afar vel sótt en áætlað er að um 250 manns hafi verið þegar flest var. RÚV tók málþingið upp.

Ljóðabók Melittu, *Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt*, kom út í tvímála útgáfu sama dag. Þýðandi ljóðanna á íslensku er Sölvi Björn Sigurðsson en eftirmála ritar Gauti Kristmannsson. Ljóðin orti Melitta um reynslu sína sem útlagi á Íslandi á árunum 1939–1943 en þau hafa ekki verið gefin út áður. Að verkefninu stóðu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Lbs-Hbs í samvinnu við afkomendur Melittu og Háskólaútgáfuna. Austurríska sendiráðið í Kaupmannahöfn styrkti sýninguna.

Norrænt bókband 2013

Þann 2. maí var opnuð sýningin *Norrænt bókband 2013* á 2. hæð, en hún er farandsýning sem haldin er á fjögurra ára fresti. Að þessu sinni eru þátttakendur 80, þar af 13 Íslendingar. Dómnefnd valdi 16 verk sem fá heiðursviðurkenningu. Tveir Íslendingar eru í þeim hópi, Ragnar Gylfi Einarsson og Hrefna Ársælsdóttir bókbindari í Lbs-Hbs. Sýningunni fylgir vegleg sýningarskrá, þar sem gerð er grein fyrir verkunum auk umfjöllunar um bókband. JAM hópurinn skipuleggur sýninguna fyrir Íslands hönd, en hann var stofnaður 1. október 1989 eftir námskeið í listbókbandi sem haldið var á vegum Félags bókagerðarmanna í Iðnskólanum í Reykjavík.

Michel Butor & vinir

Þann 26. maí var opnuð, sýning á bókverkum rit höfundarins og listamannsins Michels Butor og tólf annarra listamanna. Butor hefur seinni árin einbeitt sér að textum fyrir myndlistarbókverk og haldið fyrirlestra um bókverk víða. Frumkvæði að verkefninu átti Sigurður Pálsson skáld sem hefur jafnframt unnið bókverk með Bernard Alligand. Þeir Sigurður

og Alligand sýndu fyrsta sameiginlega bókverk sitt í Þjóðarbókhöðunni árið 2007. Nemendur við HÍ og Listaháskóla Íslands unnu ennfremur bókverk sem eru hluti af sýningunni. Þá var haldin málstofa þar sem Michel Butor og Bernard Alligand ræddu verk sín í fyrirlestrasal 28. maí og einnig var sett upp vinnustofa í bókverkagerð. Verkefnið var samstarf Lbs-Hbs, Listaháskóla Íslands, HÍ, Franska sendiráðsins, Alliance française og Listahátíðar í Reykjavík. Sýningarstjórar voru Ólafur Engilbertsson og Bernard Alligand.

Kerguelen á Íslandi

Þann 5. júní var opnuð sýning um franska landkönnuðinn Yves-Joseph de Kerguelen. Þar var rakin saga fyrsta vísindaleiðangurs Frakka til Íslands og ferðir Kerguelen til Íslands 1767 og 1768 en hann gaf út bók um þær: *Relation d'un voyage dans la Mer du Nord*, sem kom út árið 1771. Skýrslur Kerguelens höfðu bæði hernaðarlega og vísindalega þýðingu. Auk þess að fela í sér nákvæmar upplýsingar um sjóferðirnar þá birtust þar greinargóðar upplýsingar um náttúrufar, dýralíf, jurtaríki, loftslag og landafræði, um leið og greint var frá ýmsum siðum og háttum Íslendinga á þessum tíma. Sýningin var samstarfsverkefni franska sendiráðsins á Íslandi og Lbs-Hbs. Sýningin stóð til 30. júní í Þjóðarbókhöðunni, en eftir það var hún sett upp á Patreksfirði í júlí og loks á Fáskrúðsfirði í ágúst.

SG hljómplötur 50 ára

Í tilefni af því að 50 ár voru liðin frá stofnun SG-hljómplatna var lítil sýning sett upp í safninu. Svavars Gests (1926–1996) stofnaði útgáfufyrirtækið SG-hljómplötur árið 1964. Alls gaf fyrirtækið út 80 litlar 45 snúninga hljómplötur og 180 stórar 33 snúninga hljómplötur þau 20 ár sem fyrirtækið starfaði. Með útgáfunni hafa varðveist verk listamanna sem annars hefðu horfið í glatkistuna. Upphaf SG-hljómplatna má rekja til þess að Svavar sá um skemmtipætti í útvarpinu á árunum 1963–1964 þar sem hann fékk nokkra söngvara úr karlakórnum Fóstbræðrum til að flytja lagasyrpur. Hljómplatan *Fjórtán fóstbræður* kom svo út 1964 undir merki SG-hljómplatna og varð metsöluplata. Þar með var grunnurinn að SG-hljómplötum lagður og brátt óx fyrirtækið í eitt af stærstu útgáfufyrirtækjum landsins með marga fremstu listamenn þjóðarinnar á sínum snærum.

Þýðingar á íslenskum bókmenntum

Í ágúst var sett upp lítil sýning á 1. hæð með nokkrum útgáfum á þýðingum bóka eftir Arnald Indriðason og Auði Övu Ólafsdóttur, en bæði hafa þau átt verk sem notið hafa mikilla vinsælda erlendis.

Arnaldur hefur sent frá sér sautján skáldsögur sem allar eru spennusögur. Skáldsögur hans hafa verið þýddar á tugi tungumála og hlotið góðar viðtökur, sérstaklega í Þýskalandi, en alls hafa selst yfir tíu milljónir eintaka af skáldsögum hans og þær hafa komist ofarlega á metsölulista í mörgum Evrópulöndum. Arnaldur hlaut Glerlykilinn, Norrænu glæpasagnaverðlaunin, fyrir *Mýrina* árið 2002 og hefur síðan hlotið fjölmörg verðlaun s.s. enska Gullrýtinginn, frönsku Grand Prix Littérature Policière verðlaunin, sænsku Martin Beck-verðlaunin og bandarísku Barry-verðlaunin. Árið 2013 fékk hann svo alþjóðlegu bókmenntaverðlaunin Premio RBA de novela negra.

Auður Ava Ólafsdóttir starfar sem lektor í listfræði við HÍ og var um tíma forstöðumaður Listasafns HÍ. Hún hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2004, Menningarverðlaun DV árið 2008 og tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2009. Verk hennar hafa verið þýdd á fjölda tungumála og vakti skáldsagan *Afleggjarinn* mikla athygli í Frakklandi árið 2010.

Hallgrímur Pétusson 1614-2014

Þann 11. september var opnuð sýning í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá fæðingu sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar. Sýningin var samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Ávörp fluttu Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Margrét Eggertsdóttir prófessor við Árnastofnun sem samdi sýningartextann og Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir sem tóku saman handrit á sýninguna. Spilmenn Ríkínís fluttu tónlist við texta Hallgríms. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra opnaði sýninguna, en auk hans var Illugi Gunnarssonmennta- og menningarmálaráðherra viðstaddur opnunina. Um 120 handrit með kveðskap Hallgríms voru á sýningunni. Þar á meðal margar útgáfur af *Passíusálmunum* og eina varðveitta eiginhandarrit skáldsins af sálmunum, JS 337 4to, sem var skrifað árið 1659. Það var meðal handrita Jóns Sigurðssonar sem voru keypt árið 1877 til Landsbókasafns. Sagan á bak við handritið er merkileg en Hallgrímur gaf það Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskups árið 1661.

Tryggvi Magnússon og skjaldarmerkið

Sýningin Tryggvi Magnússon og skjaldarmerkið var sett upp í tilefni af 70 ára afmæli lýðveldisins.

Hún var opnuð á 20 ára afmæli Þjóðarbókhöðunnar 1. desember og gaf þar að líta teikningar sem afkomendur Tryggva hafa afhent safninu. Að auki voru sýnd verk úr Þjóðminjasafni og úr einkaeigu. Á sýningunni voru margar tillögur Tryggva og annarra teiknara að lýðveldisskjaldarmerki auk eldri skjaldarmerkja Íslands. Teikning Tryggva var samþykkt og opinberuð á ríkisráðsfundi 17. júní 1944 sem skjaldarmerki lýðveldisins Íslands. Frummyndin og tillögurnar eru varðveittar í Þjóðminjasafninu, en skissur og aðrar teikningar eru varðveittar í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og í einkaeigu. Guðmundur Oddur Magnússon fjallaði um myndmál og tákn skjaldarmerkis Íslands, en forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði síðan sýninguna. Andrés Úlfur Helguson vann að sýningunni ásamt starfsfólki safnsins, en hann afhenti gögn langafa síns í handritasafn.

Á aðventu 1994 - 20 ára afmælissýning

Í tilefni af því að 20 ár voru liðin frá opnun Þjóðarbókhöðunnar var sett upp lítil sýning í forsal Íslandssafns, með myndum frá opnunarathöfninni, en hana sóttu margir góðir gestir bæði innlendir og erlendir. Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands opnaði safnið fómlega, en sagt er frá athöfninni í 1. hefti *Ritmenntar*. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands opnaði síðan sýninguna á 20 ára afmælinu.

Kynjagreining sýninga og viðburða

Ellefu sýningar voru á árinu, 2 um konur, 5 um karla og 4 þar sem fjallað var um hluti eða bæði kyn. Af kjörgripum mánaðarins voru 2 eftir konur, 9 eftir karla og höfundur 2 er óþekktur. Á málþingum fluttu 11 konur erindi en 8 karlar.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Ólafur J. Engilbertsson sat í sýningarstjórn sýningarinnar Sjónarhorn sem er í undirbúningi í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Hann og fleiri starfsmenn safnsins unnu að undirbúningi, vali gripa á sýninguna, forvörslu o.fl.

Handrit Árnastofnunar

Í tilefni af alþjóðlegri ráðstefnu New Chaucer Society var sýning á völdum handritum í vörslu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sett upp í forsal Íslandssafns á 1. hæð dagana 15. - 18. júlí. Gestir ráðstefnunnar gátu komið í litlum hópum og fengu leiðsögn um sýninguna frá starfsfólki Árnastofnunar.



Fastagestir taka eina skák áður en lestur hefst.

ÞJÓNUSTA OG SAMSKIPTI VIÐ HÍ

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni eru útlán, almenn upplýsingaþjónusta á 2., 3. og 4. hæð, umsjón með ritakosti og lesrýmum á 3. og 4. hæð, úthlutun lesherbergja, námsbókasafn, varðveisla lokaritgerða og Skemman, rafrænt gagnasafn háskólanna. Í árslok störfuðu 18 á sviðinu, en ársverk voru 11,7. Auk sviðsstjóra voru 9 starfsmenn í 7,3 stöðugildum og 8 nemar í 4,4 stöðugildum. Sviðsstjóri er Áslaug Agnarsdóttir.

ÚTLÁN

Notendaþjónusta – afgreiðsla

Vaktstöðvar útlána í safninu eru fjórar. Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Á 3. hæð eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á 4. hæð eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins, auk þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Í kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum. Auk þess er veitt þjónusta í útibúi safnsins í Lögbergi.

Afgreiðslutími

Safnið var opið tæpa 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 10. maí til 31. ágúst og var safnið þá opið 40-44 tíma á viku. Lokað var á laugardögum frá 21. júní til og með 2. ágúst. Sami afgreiðslutími var einnig yfir jól og áramót. Afgreiðslutíminn var lengdur þrjár helgar um 6 tíma á

viku vegna prófa í apríl/maí og í nóvember/desember.


Ritakostur

Flest rit á 3. og 4. hæð safnsins eru á opnu rými, en hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara Bókhöðunnar og í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Útlán og innheimta

Útlánum fækkaði lítillega á árinu en lítil breyting varð á útlánnum milli hópa. Virkir lánþegar voru alls 14.190 í lok árs en tölvuskráð útlán voru 45.122, en (102.831) ef endurnýjanir eru taldar með. Tala innan sviga miðast hér eftir við útlán og endurnýjanir. Fjöldi útlána til starfsmanna safnsins var 1.724 (3.637), til kennara og starfsmanna Háskóla Íslands 4.243 (19.131), til nemenda við HÍ 31.892

(67.602), til annarra háskólanema 1.583 (2.788), til nema í framhaldsskólum 337 (438), til fræðimanna 1.068 (2.562), til almennra lánþega 3.724 (6.102), og til gesta og annarra safna 551 (571). Allir nemar HÍ voru lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá eins og árið áður. Á eftirfarandi kökuriti sjást helstu hópar lánþega og hvernig útlán skiptast milli þeirra. Innheimta vanskilagagna gengur vel eftir að samstarf hófst við Motus (áður Intrum) á Íslandi.



Útgáfa

Nokkur útgáfa á bæklingum með upplýsingum handa safngestum er innan sviðsins á ári hverju. Fimm bókamerki voru prentuð á árinu, en þau eru afhent safngestum þegar rit eru tekin að láni.

Talningar

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í línuritum á bls. 42.

Lesrými


Í safninu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 25 til 30 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, bæði við lágborð og í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir.

Í safninu eru 26 lesherbergi sem safngestir geta leigt til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt allt árið. Alls sóttu 150 safngestir um aðstöðu í lesherbergjum, en 99 safngestir fengu úthlutað lesherbergi á árinu. Þar af voru 10 doktorsnemar (10%), 80 nemar í meistaranámi (81%) og 9 safngestir sem unnu að öðrum fræðistörfum og rann-

sóknarverkefnum eða ritstörfum (9%). Herbergin voru leigð út til mismunandi langs tíma en að meðaltali höfðu safngestir afnot af herbergi í um það bil þrjá mánuði.

Auk þess eru tvö stærri lesherbergi og eru þau ætluð fötluðum eða sjónskertum til almennrar notkunar. Þau eru einnig nýtt sem tveggja manna hópvinnuherbergi ef þau eru laus.

Áberandi fleiri konur en karlar nýttu sér lesherbergin á árinu, nánar tiltekið nýttu karlar lesherbergin í 71 mánuð á árinu en konur í 227 mánuði.



ÚTIBÚ

Safnið starfrækir nokkur útibú í þágu Háskóla Íslands. Þau eru flest á háskólalóðinni eða í næsta nágrenni hennar. Þeim hefur farið fækkandi undanfarin ár. Bókavarsla og viðvera er einungis í Lögbergi. Þar er veitt þjónusta tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum útibúum er aðeins um að ræða umsjón sem felst í eftirlitsferðum eftir þörfum. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarbiblíothöfu. Í árslok voru eftirfarandi útibú starfrækt:

Bókastofa Hugvísindastofnunar, 3.h. Nýja Garði. Lokað handbókasafn kennara í hugvísindadeild.

Bókastofa stærðfræði og eðlisfræðideildar, Tæknigarði. Lokað handbókasafn kennara og nemenda í framhaldsnámi.

Bókastofa lyfjafræðideildar, Haga við Hofsvallagötu. Handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði og starfsmanna Rannsóknarstofu í lyfjafræði.

Bókasafn lagadeildar, Lögbergi. Opið daglega.

Bókastofa Raunvísindastofnunar, Dunhaga 3. Handbóka- og tímaritasafn starfsmanna.

NÁMSBÓKASAFN

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við HÍ hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við skólann. Efnið er þá sett í hillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4. hæð safnsins. Gögn námsbókasafnsins eru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Misjafnt er hvort kennarar hafi efni í námsbókasafni til útláns eða aðeins til notkunar á staðnum. Æ fleiri kennarar velja síðari kostinn. Þá hafa fleiri kost á að lesa ritin en ef þau eru lánuð út.

Á vormisseri voru skráð 113 námskeið og á haustmisseri 131. Ótalin eru námskeið þar sem aðeins er um að ræða bækur eða DVD diska sem kennarar koma með og eiga sjálfir, eða ítarefni í möppum frá kennurum. Þá voru einnig settir í námsbókasafnið 165 DVD diskar sem voru merktir námskeiðum, aðallega í kvikmyndafræði. Diskar og spólur eru að öllu jöfnu ekki lánuð út en kennarar hafa skilað inn nemendalistum í kvikmyndanámskeiðum og geta þeir nemendur fengið kvikmyndir lánaðar ýmist í 3ja daga lán eða dægurlán eftir fyrirætlum viðkomandi kennara.

Kennarar á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði nota námsbókasafnið áberandi mest. Á árinu var fjöldi námskeiða eftir sviðum þannig:

Félagsvísindasviði	92
Heilbrigðisvísindasvið	9
Hugvísindasviði	137
Menntavísindasvið	2
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	4

Eintök í námsbókasafni voru alls 2.969 á vormisseri og 2.716 á haustmisseri.

LOKAVERKEFNI OG RANNSÓKNARIT

Safnið varðveitir lokaritgerðir nemenda við HÍ að undanskildum ritgerðum nemenda Menntavísindasviðs, en þær eru varðveittar í bókasafni sviðsins. Ritgerðir í pappírsformi eru geymdar á 3. hæð og í kjallara, og eru ekki til útláns. Á síðasta ári var hætt

að skrá BA og BS ritgerðir í Gegni, þar sem allar ritgerðir eru nú settar í Skemmuna og þar er raf-rænn aðgangur að þeim. Skemman er einnig tengd við *leitir.is* þannig að hægt er að leita að ritgerðunum þar og komast beint í þær.

Skemman

Skemman er varðveislusafn allra íslenskra háskóla. Reksturinn er hjá Lbs-Hbs. Alls voru um 21.000 verk í Skemmunni um áramót.

Snemma á árinu 2014 kom í ljós að tölfraði um skil, sem tekin hefur verið úr Skemmunni, hefur ekki verið rétt. Í textanum hér eru tölur um skil nemenda HÍ og réttar tölur fyrir 2013 hafðar í sviga fyrir aftan tölur fyrir 2014, en að auki má sjá töflu yfir skil frá öllum háskólum á árunum 2011-2014 á bls. 46.

Skil Háskóla Íslands í Skemmuna

Alls skiluðu nemendur og akademískir starfsmenn Háskóla Íslands 2.196 (2.253) skjölum í Skemmuna á árinu. 2.087 (1920) ritgerðum og rannsóknarverkefnum var skilað af nemendum og skiptist fjöldinn á sviðin eins og hér segir:

Félagsvísindasvið 844 (823) ritgerðir,
Heilbrigðisvísindasvið 343 (311) ritgerðir,
Hugvísindasvið 406 (342) ritgerðir,
Menntavísindasvið 298 (287) ritgerðir,
Verkfræði- og náttúruvísindasvið 196 (157) ritgerðir og rannsóknarverkefni.
Akademískir starfsmenn 109 (333) rit og rannsóknir

Ef námsstig er skoðað nánar var skilað í Skemmuna 1.139 (1.180) ritgerðum í grunnnámi, 16 (19) rannsóknarverkefnum, 889 (688) meistaraþrófs- og kándídatritgerðum og 43 (33) doktorsritgerðum. Nokkur munur er á skilum doktorsritgerða í Skemmuna milli sviða HÍ. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði var 17 doktorsritgerðum skilað inn, en aðeins einni ritgerð var skilað inn á Félagsvísindasviði. Þar sem þessar tölur endurspeglar ekki fjölda útskrifaðra doktora við Háskóla Íslands er brýnt að Háskólinn setji strangari reglur um skil doktorsritgerða. Nokkrum erindum *Þjóðarspeglisins* var skilað inn í Skemmuna, auk erinda af *Vorráðstefnu Viðskiptafræðideildar* og *Sögupingi Sagnfræðistofnunar*. Nokkrum greinum úr tímaritinu *Stjórn-mál og stjórnsýsla* var einnig skilað inn.


ÁRSTÖLUR

Í lok árs eru teknar saman og birtar tölur um notendur og þjónustu við þá. Einnig tölur um safnkost, aðföng og ýmsa rekstrarþætti, svo sem starfsemi myndastofu og bókbands, um starfsmenn og fjárhag safnsins. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu tölfræði undanfarin ár, bæði til einföldunar og í takt við breytta starfsemi safnsins.

NOTENDUR OG ÞJÓNUSTA

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nota vefi safnsins. Lesendur á lessal handrita-safns og Íslandssafns eru taldir en þar sem ekki er hægt að telja alla þá sem koma í safnið eru notendur á opnum rýmum 3. og 4. hæðar taldir að degi til, á kvöldin og um helgar fyrstu viku hvers mánaðar. Á virkum degi á próftíma eru allt að 300 notendur á 3. og 4. hæð þegar flest er.

TALNING Á FJÖLDA GESTA Á 3. OG 4. HÆÐ SAMANBURÐUR 2013 TIL 2014



NOTKUN Á VEFJUM SAFNSINS¹

	Fjöldi innlita		Síðuflettingar	
	2013	2014	2013	2014
timarit.is	1.134.939	1.042.669	6.590.156	5.938.818
skemman.is	525.461	533.616	2.252.161	2.194.067
landsbokasafn.is	127.942	112.102	323.448	269.165
hvar.is (Landsaðgangur)	83.797	68.045	170.895	125.758
handrit.is	40.663	48.950	224.228	241.421
vefsafn.is	24.491	61.447	211.980	352.216
baekur.is	24.343	24.978	316.940	319.479
jonashallgrimsson.is	19.969	18.409	50.736	43.264
islandskort.is	15.702	13.109	70.748	49.577
rafhladan.is	11.599	15.978	80.233	71.667
kvennasogusafn.is	10.048	9.333	23.666	19.278
inngangur.landsbokasafn.is	49.884	56.064	132.278	134.285
utgafuskra.is	3.026	3.256	7.619	8.645
hask.landsbokasafn.is	7.688	8.933	46.332	58.909
doktor.landsbokasafn.is	1.780	1.682	21.419	18.778
sagas.landsbokasafn.is	1.522	1.709	4.887	9.852
munlegsaga.is	733	1.888	2.400	5.105
hljodsafn.landsbokasafn.is	0	1.759	0	28.289
lykilskra.landsbokasafn.is	0	4.073	0	29.620
bokaskra.landsbokasafn.is	0	470	0	4.586
Samtals 20 vefir	2.083.587	2.028.470	10.530.126	9.922.779

NOTKUN Á STAFRÆNUM GAGNA- OG TÍMARITASÖFNUM

	2011	2012	2013	2014
Sóttar greinar og bókarkaflar í Landsaðgangi ²	1.128.802	1.261.809	1.177.235	1.243.885
Sóttar greinar í gagnasafn Morgunblaðsins	2.942.890	2.598.155	2.009.862	1.771.220
Sóttar greinar í séráskriftum HÍ ³	70.381	90.513	110.030	83.343
Samtals sóttar greinar og bókarkaflar	4.142.073	3.950.477	3.297.127	3.098.448

FJÖLDI LÁNÞEGASKÍRTEINA

	2011	2012	2013	2014
Nemar HÍ ⁴	13.890	13.311	13.720	12.887
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	793	657	990	416
Nemar utan HÍ	431	297	342	290
Aðrir lánþegar	1.174	930	681	573
Samtals	16.288	15.195	15.733	14.166

¹ Breytt framsetning á tölum um notkun á vefjunum, talinn er fjöldi innlita og síðuflettingar í stað notenda og flettinga.

² Í ársskýrslu Landsaðgangs á vefnum *hvar.is* er að finna nánari upplýsingar um notkun á stafrænu söfnunum.

³ Erfitt er að nálgast tölur um notkun á sumum séráskriftum HÍ og gögnin eru óstöðug. Listi yfir séráskriftir er á bls. 35.

⁴ Upplýsingar um alla nema við HÍ eru lesnar inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá skólans. Aðgerðin sparar mikla vinnu, en ekki er hægt að aðskilja virka og óvirka lánþega. Nemendum fækkaði talsvert milli ára.

LESTRARSALUR HANDRITASAFNS OG ÍSLANDSSAFNS

Fjöldi gesta	2011	2012	2013	2014
Karlar		3.718	2.925	2.703
Konur		1.635	1.265	1.274
Samtals	7.150	5.353	4.190	3.977

LEIGA LESHERBERGJA (MÁNUÐIR)

Fjöldi gesta		2012	2013	2014
Karlar		68	60	71
Konur		249	237	227
Samtals		317	297	298

PRENTUN OG LJÓSRITUN SAFNGESTA

Fjöldi blaðsíðna	2011	2012	2013	2014
Prentun	669.873	338.067	217.577	102.050
Ljósritun	242.711	175.372	183.127	70.499

ÚTLÁN

	2011	2012	2013	2014
Útlán – Þjóðarþókhlaða og útibú				
Stúdentar HÍ	39.621	37.678	34.629	31.892
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	7.495	6.671	2.006	5.967
Nemar utan HÍ	3.054	2.920	5.990	1.920
Aðrir lánþegar	7.644	7.082	6.126	5.343
Samtals	57.814	54.351	48.751	45.122
Íslandsefni lánað á lestrarsal	9.565	5.635	4.545	5.186
Handrit lánuð á lestrarsal	3.684	2.780	2.342	2.346
Tón- og myndsafr				
Hljóðrit – útlán	89	51	48	41
Myndefni – útlán	1.430	1.222	1.075	776
Tölvugögn – útlán	52	35	28	22
Nótur – útlán	86	125	163	99
Myndefni – áhorf	235	254	252	224
Hljóðrit – hlustun	183	168	160	147
Samtals	15.324	10.270	8.613	8.841
Heildarútlán	73.138	64.621	57.364	53.963

MILLISAFNALÁN OG GREINAPJÓNUSTA

Fjöldi notenda			2013	2014
Karlar			1.115	930
Konur			1.432	1.185
Samtals			2.547	2.115

MILLISAFNALÁN

	2011	2012	2013	2014
Til bókasafnsins				
Bækur o.fl.	1.345	1.178	1.157	1.101
Greinar - ljósrit	1.197	1.170	917	1.002
Frá bókasafninu				
Bækur o.fl.	523	440	391	365
Greinar - ljósrit	566	312	517	418
Samtals	3.631	3.098	2.982	2.886
Millisafnalán til handritasafns	38	24	3	0
Millisafnalán frá handritasafni	81	70	52	27
Samtals í handritasafni	119	94	55	27
Millisafnalán í heild	3.750	3.194	3.037	2.913

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

	2011	2012	2013	2014
Fjöldi gesta á safnkynningum				
Frumkynningar fyrir HÍ	767	996	1.027	1.386
Framhaldskynningar fyrir HÍ	989	736	841	1.146
Aðrir	24	81	5	25
Samtals	1.780	1.813	1.873	2.557
Fjöldi safnkynninga				
Frumkynningar fyrir HÍ	29	46	42	38
Framhaldskynningar fyrir HÍ	54	47	23	39
Aðrir	10	4	1	2
Samtals	93	97	66	79
Kynningarefni				
Nýir bæklingar	4	7	12	0
Endurútgáfa bæklinga	23	23	22	20
Síður í Áttavitanum				20
Samtals	26	30	34	40
Fyrirspurnir				
Upplýsingaþjónusta				
Tölvupóstur	544	566	479	435
Í síma eða á staðnum	114	193	324	214
Heimildaleitir	25	47	47	45
Tón- og myndsafn	18	15	36	27
Íslandssafn	22	17	19	25
Kvennasögusafn (heimsóknir og fyrirspurnir)	335	277	398	305
Miðstöð munnlegrar sögu		25	26	20
Samtals	1.058	1.140	1.329	1.071
Sýningar	3	11	11	11
Samfélagsmiðlar – fjöldi færsla				
Fésbók Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn				124
Fésbók Handritasafn				54
Fésbók Íslandssafn				4
Fésbók Tón og myndsafn				12
Fésbók Kvennasögusafn				58
Fésbók Miðstöð munnlegrar sögu				3
Fésbók hvar.is Landsaðgangur				119
Fésbók timarit.is				123
Fésbók bækur.is				18
Twitter Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn				420

SAFNKOSTUR OG REKSTUR

AÐFÖNG

Skylduskil ⁵	2011	2012	2013	2014
Bækur (rit skráð sem bækur) ⁶	6.458	5.260	5.306	7.463
Tímarit (hefti)	6.579	6.943	5.539	5.216
Blöð (tölublöð)	6.226	7.125	5.944	6.516
Ársskýrslur	579	444	396	173
Veggspjöld	334	268	99	56
Landakort	49	11	18	17
Smælki (einingar)	6.372	8.026	6.240	8.726
Hljóðrit ⁷	915	769	356	544
Myndbönd og mynddiskar ⁸	93	60	29	54
Hljóðbækur	60	180	224	217
Margmiðlunardiskar/tölvugögn	14	8	8	28
Stafrænt efni í Skemmunni (fjöldi verka)	2.779	2.207	3.938	3.186
Stafrænt efni í Rafhlöðunni (fjöldi skráa)	1.424	56	2.105	3.781
Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2011	2012	2013	2014
Heildarsafnanir	266.623	285.703	277.228	295.721
Vikulegar safnanir	75.503	98.171	132.168	132.877
Atburðasafnanir	15.857	1.164	48.513	1.572
Efni frá Internet Archive 1996-2004			47.000	0
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	357.983	385.038	504.909	430.170
Önnur aðföng	2011	2012	2013	2014
Bækur, keyptar ⁹	2.525	3.287	2.900	
Bækur, keyptar fyrir Lbs-Hbs þjónustusvið				831
Bækur, keyptar fyrir Lbs-Hbs Íslandssafn				495
Bækur, keyptar fyrir HÍ fræðasvið og deildir				1.205
Bækur, gjafir/ritaskipti	6.532	3.574	3.224	5.501
Erlend tímarit, keypt í Lbs-Hbs og HÍ	511	582	598	600
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	30	28	10	7
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	310	300	230	220
Eldri árgangar tímarita	203	160	57	131
Íslensk tímarit, keypt	109	104	101	111
Íslensk tímarit, gjafir	50	40	25	25
Hljóðrit, keypt	186	136	59	159
Hljóðrit, gjafir	6	24	55	51
Myndbönd og mynddiskar, keypt	300	319	95	48
Myndbönd og mynddiskar, gjafir	145	36	20	105
Hljóðbækur	3	2	3	17
Gagnagrunnar, keyptir fyrir Lbs-Hbs, HÍ ofl. ¹⁰				30
Aðföng handritasafns (einingar)	80	53	87	74
Aðföng Kvennasögusafns (einingar)	13	11	18	10
Aðföng Miðstöðvar munnlegrar sögu (einingar)	14	28	23	9

⁵ Talin eru þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs-Hbs af bókum, dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum en tvö eintök eru varðveitt af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

⁶ Tölur yfir fjölda eintaka sem tengd voru í Íslandssafn 2014 eru byggðar á árslokatalfræði Landskerfis bókasafna.

⁷ Talin eru eintök af útgefnum hljóðritum sem varðveitt eru í Lbs-Hbs. Einnig eiginútgáfa einstaklinga, kóra og hljómsveita.

⁸ Þ.e. titlar.

⁹ Breytt talning á bókakaupum.

¹⁰ Lbs-Hbs greiddi hlut eða að öllu leyti fyrir 11 gagnagrunna, og fræðasvið/deildir HÍ greiddu hlut eða að öllu fyrir 26.

MYNDASTOFA

	2011	2012	2013	2014
Stafrænar myndir (fjöldi blaðsíðna)				
Blöð og tímarit	357.740	316.188	163.275	154.065
Bækur	88.912	54.670	84.545	17.759
Handrit	41.644	21.097	15.974	30.247
Íslandskort	20	939	190	0
Ekki til birtingar á vefjum safnsins		31.118	3.492	2.300
Fylgiefni fyrir Hljóðsafn				2.091
Samtals fjöldi blaðsíðna	488.316	424.012	267.466	206.462

BÓKBANDSVERK

	2011	2012	2013	2014
Einingar	48.587	43.275	44.066	48.498

ALÞJÓÐLEG BÓK- OG TÍMARITSNÚMER

ISSN-tímaritsnúmer	2011	2012	2013	2014
Fjöldi stakra númera	23	25	46	117
ISBN-bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	69	88	56	71
Fjöldi stakra númera	194	214	228	220
ISMN-nótunúmer ¹¹				
Fjöldi númeraraða			6	6
Fjöldi stakra númera			4	4

YFIRLIT YFIR ÁRSVERK SKIPT Á STARFSEININGAR OG EFTIR MENNTUN

Ársverk skipt á starfseiningar	2011	2012	2013	2014
Aðföng og skráning	20.78	17.63	18.13	19.13
Miðlun og rafrænn aðgangur	9.00	8.50	9.75	9.20
Rekstur og upplýsingatækni	11.75	13.05	12.00	12.25
Varðveisla og stafræn endurgerð	19.20	17.32	18.00	18.15
Þjónusta og samskipti við HÍ	11.52	12.88	10.90	11.70
Samtals ársverk	72.25	69.38	68.78	70.43
Flokkun starfsmanna (ársverk)	2011	2012	2013	2014
Bókasafnsfræðingar	24.70	24.30	23.55	26.15
Aðrir háskólamenntaðir	21.93	21.45	21.43	19.43
Aðrir bókaverðir	11.47	11.48	10.90	11.70
Aðstoðar- og skrifstofufólk	6.25	3.00	4.00	3.25
Iðnmenntaðir	7.90	9.15	8.90	9.90
Samtals ársverk	72.25	69.38	68.78	70.43

¹¹ Alþjóðlega nótnúmerakerfið ISMN var innleitt í janúar 2013.

REKSTRARGJÖLD (Í ÞÚS. KRÓNA)

	2011	2012	2013	2014
Laun	418.866	425.890	433.369	479.552
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	266.583	297.469	307.702	292.008
Önnur gjöld	229.736	241.158	236.704	247.473
Samtals	915.185	964.517	977.775	1.019.033
Hlutfallstölur	2011	2012	2013	2014
Laun	45.8	44.2	44.3	47.1
Ritakaup	29.1	30.8	31.5	28.7
Önnur gjöld	25.1	25.0	24.2	24.2

REKSTARREIKNINGUR (Í ÞÚS. KRÓNA)

Tekjur	2013	2014
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	42.974	42.310
Innheimt vegna Landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	113.194	118.166
Aðrar tekjur	55.303	67.523
Af fjárlögum	747.176	811.623
Samtals	958.647	1.039.622
Gjöld		
Laun	433.369	479.552
Rekstur húsnæðis	122.604	128.852
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	71.703	69.558
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	235.999	222.450
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	23.794	23.443
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	35.545	35.060
Önnur gjöld	54.761	60.118
Samtals	977.775	1.019.033
Rekstrarafgangur / halli	-19.128	20.589



Gestir á afmæli safnsins 1. desember hlýða á fyrirlestur Guðmundar Odds Magnússonar um myndmál og tákn skjaldarmerkisins.

